Hér skarar einn hrútur algerlega fram úr hinum hrútunum í heildareinkunn. Þetta er 18-091 sem er sonur Kletts 13-962 frá Borgarfelli. Það er þó sérstaklega í kjötmatshlutanum sem hann sker sig úr hópnum þar sem gerð hjá 21 sláturlambi er 10,7 þrátt fyrir að fallþungi sé í tæpu meðallagi í rannsókninni. Að baki móður hans standa þekktir stöðvahrútur þegar kemur út í greinar ættartrésins, bæði hyrindir og kollóttir. Næstur í heildarstigum er 18-098 sem er undan Bergi 13-961 frá Bergsstöðum í Miðfirði. Við mat á lifandi lömbum er ekki mjög langt á milli þessara hrúta. Það er hinsvegar ekki sömu sögu að segja þegar kemur að mati á gerð sláturlamba þrátt fyrir fallþungi sé 1,6 kg hærri hjá afkvæmum 18-098. Þessi hrútur er aðkeyptur frá Hjarðarholti og móðurfaðir hans er Skratti 12-913 frá Hesti.

## Skerðingsstaðir, Hvammssveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Toppur	15-231	Saumur	12-915	98,1	121,7	128,2	<b>116,0</b>	17,0	9,7	6,1	31,3	2,9	17,8	137,4
Rúrik Gísla	18-257	Klettur	13-962	99,3	125,7	116,2	<b>113,8</b>	17,1	9,8	6,2	30,7	3,2	17,7	138,0
Krapi	17-244	Fans	13-246	107,1	96,7	112,1	<b>105,3</b>	17,7	9,4	6,9	31,6	3,8	17,6	145,2
Gylfi sig	18-256	Kollur	15-983	108,1	98,8	108,0	<b>105,0</b>	17,8	9,0	6,3	30,1	3,0	17,4	145,5
Ástríkur	17-246	Steinríkur	16-242	96,9	101,2	110,2	<b>102,8</b>	16,8	9,0	6,2	30,5	3,5	17,9	143,6
Neymar	18-262	Steðji	17-249	107,5	95,2	92,1	<b>98,3</b>	17,9	8,8	6,3	29,8	3,5	17,6	151,0
Albert Guðmundur	18-258	Gæðingur	17-247	92,8	90,3	104,8	<b>96,0</b>	16,5	8,9	6,6	30,6	3,6	17,6	138,4
Jökull	17-245	Fans	13-246	97,5	103,0	75,9	<b>92,2</b>	16,9	9,3	6,4	29,6	4,4	17,4	147,8
Hörður Björgvinsson	18-255	Blær	11-979	92,7	68,7	52,1	<b>71,2</b>	16,6	7,6	6,0	25,9	2,8	17,0	146,8
							<b>Meðaltal:</b>	17,1	9,1	6,3	30,0	3,4	17,6	143,4

Toppur 15-231 toppar hér eina ferðina enn og sýnir að það þurfti öflugan lambaföður til að velta honum úr sessi. Toppur er nú allur en hann var sonur Saums 12-915 frá Ytri-Skógum og móðurfaðir Hriflon 07-837 frá Hriflu. Rúrik Gísla 18-257 er mjög efnilegur sonur Kletts 13-962 frá Borgarfelli og ekki síðri sláturlambafaðir en Toppur 15-231. Móðurföðurfaðir Rúriks er Saumur 12-915 en móðurmóðurfaðir Gumi 09-880 frá Borgarfelli. Ætternið gefur væntingar um að hér fari efnilegur alhliða hrútur.

## Klifmýri, Skarðsströnd

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Guðbergur	18-420	Bergur	13-961	114,1	112,4	119,9	<b>115,5</b>	17,0	10,0	5,8	28,3	2,4	17,4	149,7
Draumur	18-418	Klettur	13-962	102,6	119,5	122,6	<b>114,9</b>	16,2	10,3	5,8	27,9	2,1	17,4	150,6
Spúnn	17-416	Lax	16-464	114,8	97,0	108,4	<b>106,7</b>	16,9	9,1	5,3	27,9	2,4	17,3	147,9
Eldur	18-422	Drangi	15-989	96,2	103,3	112,0	<b>103,9</b>	15,8	9,2	5,4	28,0	2,2	17,2	153,9
Veggur	16-463	Korkur	14-425	103,5	109,3	95,5	<b>102,8</b>	16,3	9,9	5,9	27,5	2,8	17,4	147,5
Mjaldur	18-426	Drangi	15-989	100,6	106,3	96,1	<b>101,0</b>	16,1	9,0	5,1	27,4	2,3	17,2	149,4
Græðir	17-410	Kjarni	13-927	93,0	97,4	105,9	<b>98,8</b>	15,6	9,2	5,6	28,1	2,6	17,4	144,8
Hoffmann	18-006	Flói	17-412	89,0	107,8	94,1	<b>96,9</b>	15,3	9,1	5,2	26,4	2,1	17,1	149,5
Flói	17-412	Burkni	13-951	99,7	99,2	87,5	<b>95,4</b>	16,0	9,1	5,3	26,8	2,5	17,1	150,0
Spillir	18-009	Skriðdreki	17-413	93,1	88,5	100,8	<b>94,1</b>	15,5	8,6	5,3	28,6	3,0	17,2	152,3
Vagn	17-414	Borði	15-437	97,4	93,7	88,8	<b>93,3</b>	15,9	9,1	5,6	26,6	2,5	17,2	150,5
Hnefi	18-423	Angi	15-802	99,5	83,1	87,6	<b>90,1</b>	16,0	8,8	5,7	27,0	2,4	17,1	152,4
Dalur	18-431	Kollur	15-983	96,6	83,6	72,7	<b>84,3</b>	15,8	8,6	5,5	25,8	2,3	16,8	155,6
Bliki	18-429	Grámi	16-461	86,4	85,3	78,5	<b>83,4</b>	14,9	8,5	5,4	26,4	2,5	17,0	154,5
							<b>Meðaltal:</b>	16,0	9,2	5,5	27,5	2,4	17,2	149,8

Guðbergur 18-420 stendur hér efstur með ágæta yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Þessi efnilegi hrútur er því miður dauður en hann var undan Bergi 13-961 frá Bergsstöðum í Miðfirði, móðurföðurfaðir var Hrói 07-836 frá Geirmundarstöðum en móðurmóðurfaðir Gráni 03-957 frá Stóru-Tjörnum. Á hæla Guðbergs kemur Draumur 18-418 sem er sonur Kletts 13-962 frá Borgarfelli. Þessi hrútur er að skila bestri gerð og hagstæðustu flokkun sláturlamba og lifandi lömb undan honum fá einnig ágætan vitnisburð. Guffi 08-869 frá Garði er móðurföðurfaðir og Gosi 09-850 frá Ytri-Skógum er móðurmóðurfaðir þessa efnilega sonar Kletts 13-962.

## Austur-Barðastrandarsýsla

### Hríshóll 2, í Reykhólasveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Miði	18-558	Rósi	17-336	94,5	126,7	136,7	<b>119,3</b>	17,2	10,5	6,3	29,8	2,7	17,6	119,6
Berti	18-567	Brúsi	17-127	117,3	113,9	117,7	<b>116,3</b>	19,5	10,4	6,6	28,5	2,8	17,4	127,0
Runni	17-559	Burkni	13-951	107,9	115,6	119,8	<b>114,4</b>	18,2	11,0	7,3	29,6	3,7	17,5	129,7
Klaki	16-554	Kaldi	12-950	99,4	102,5	127,5	<b>109,8</b>	17,6	9,9	6,7	29,6	3,3	17,4	129,5
Bjartur	17-321	Melur	14-034	84,1	129,8	109,6	<b>107,9</b>	16,5	9,9	5,7	27,7	2,5	17,0	120,8
Erindreki	17-557	Dreki	13-953	107,7	78,5	55,3	<b>80,5</b>	18,2	8,9	6,4	25,5	3,5	16,9	134,2
Kolur	18-578	Varðarson	15-576	94,8	75,6	61,4	<b>77,3</b>	17,0	8,2	6,2	26,1	3,6	16,7	129,5
Arfi	18-550	Runni	17-559	97,4	58,3	58,7	<b>71,5</b>	17,5	9,2	7,4	25,9	3,6	16,8	133,0
							<b>Meðaltal:</b>	17,7	9,8	6,7	28,1	3,3	17,2	128,3

Hér er býsna mikill munur á hrútunum og skiptast þeir eiginlega í tvo hópa. Miði 18-558 sýnir talsverða yfirburði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatinu en fallþungi er 0,5 kg undir meðaltalinu. Dætur Miða mælast með þykkastan bakvöðva og stigast best fyrir læri. Miði er aðkeyptur frá Miðdalsgröf en faðir hans Rósi 17-336 er frá Broddanesi 1 og móðurfaðir hans er frá

Smáhömrur. Berti 18-567 er svartfleckóttur hrútur sem fenginn er frá Heydalsá 1 og 3. Hann er að skila talsvert miklum yfirburðum í öllum þáttum rannsóknarinnar og á t.d. þyngsta sláturlambahópinn. Þessi hrútur er væntanlega hyrndur miðað við ætternið en faðir hans kemur frá Smáhömrur en móðurættin frá Heydalsá en talsverð innblöndun stöðvahrúta beggja megin og má sjá í ættartrénu t.d. Hergil 08-870 frá Laxárdal og Grábotna 06-833 frá Vogum 2. Runni 17-559 er sonur Burkna 13-951 frá Mýrum 2 og skilar hann hér yfirburðum í öllum þáttum rannsóknarinnar. Hann á best gerða sláturlambahópinn en lömbin í feitari kantinum. Móðurfaðir Runna er Þróttur 08-871 frá Fremri-Hlíð og móðurmóðurfaðir Grábotni 06-833 frá Vogum 2. Klaki 16-554 sonur Kalda 12-950 frá Oddstöðum kemur mjög sterkur út úr mati á lifandi lömbum en liggur nærri meðaltali að öðru leyti. Móðurfaðir Klaka er Snær 07-867 frá Ingjaldsstöðum. Loks skal nefna Bjart 17-321 sem er kollóttur hrútur keyptur frá Árbæ. Faðir hans er frá Melum 1 í Árneshreppi sonur Sprotta 12-936 frá Melum 2 en móðurfaðir Bjarts er Spotti 13-942 frá Árbæ. Þessi vel ættaði kollur er að skila mjög hagstæðu kjötmati, bæði góðri gerð og minni fita er á þessum lömbum en öðrum afkvæmahópum. Fallþungi sláturlamba er hinsvegar 1,2 kg undir meðaltali.

## Staður 2 í Reykhólasveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
	18-052	Golsi	16-052	102,6	106,8	108,7	<b>106,0</b>	16,3	9,1	5,9	27,0	2,7	17,2	123,0
Plógur	18-159	Nói	17-151	109,6	99,8	106,3	<b>105,2</b>	16,9	9,6	6,5	26,9	2,5	17,0	129,3
	17-029	Hnokki	12-047	94,0	117,2	102,2	<b>104,5</b>	15,7	9,3	5,8	26,3	2,5	17,1	123,7
Baddi	16-056	Krapi	13-940	99,9	94,5	115,0	<b>103,1</b>	16,2	8,7	6,0	27,6	2,6	17,1	120,5
	18-072	Steini	17-061	102,6	101,2	89,7	<b>97,9</b>	16,3	8,7	5,7	26,5	3,1	17,0	120,5
Steini	17-061	Stapi	14-108	103,8	88,2	93,1	<b>95,0</b>	16,4	8,5	5,9	27,0	2,9	16,8	127,7
	18-051		15-054	86,2	94,7	83,5	<b>88,1</b>	15,2	7,8	5,2	26,1	2,8	16,6	121,0
							<b>Meðaltal:</b>	16,2	8,8	5,8	26,8	2,7	17,0	123,8

Hér er ekki mjög mikill munur á milli hrútanna en jafnbestar einkunnir fær 18-052 og er hann sonarsonur Kornelíusar 10-945 frá Stóru-Tjörnum. Plógur 18-159 er svartgolsóttur og aðkeyptur frá Tómasi Sigurgeirssyni á Reykhólum. Plógur er að skila bestri gerð og mestum vænleika hjá sláturlömbum en þau að sama skapi nokkuð feitari en hinir hóparnir sem dregur kjötmatseinkunn niður. Plógur er dóttursonur Drífanda 11-895 frá Hesti og faðir hans er afkomandi Blakks 07-865 frá Álftavatni í báðar ættir. 17-029 er frá Árbæ sonur hins þekhta ættföðurs Hnokka 12-047. Hann er hér að skila hagstæðri flokkun en fallþungi er 0,5 kg undir meðaltali.



## Vestur-Barðastrandarsýsla

### Brjánslækur á Barðaströnd

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Baldur	18-209	Aragon	17-206	98,8	122,1	131,1	<b>117,3</b>	19,2	10,5	5,8	30,7	2,9	17,8	142,6
Besti	18-213	Asi	17-201	99,1	117,3	134,0	<b>116,8</b>	19,2	11,0	6,5	30,6	2,7	17,7	145,3
Asi	17-201	Ölver	16-246	94,7	119,1	129,4	<b>114,4</b>	18,7	11,2	6,4	31,3	3,3	17,7	137,6
BÖ	18-214	Össur	16-243	100,7	120,8	116,8	<b>112,8</b>	19,3	11,3	6,7	30,6	3,2	17,6	137,8
Bútur	18-211	Ærinn	15-233	113,2	101,4	105,7	<b>106,8</b>	20,4	11,5	7,7	29,5	3,3	17,8	138,5
Öðlingur	16-245	Þrasi	14-224	107,5	98,5	109,5	<b>105,2</b>	20,0	11,6	7,9	30,4	3,4	17,7	143,3
Böðull	18-210	Aðall	17-203	109,3	101,5	91,8	<b>100,9</b>	20,1	10,8	7,0	29,3	3,1	17,4	140,2
Brasi	18-215	Asi	17-201	98,0	100,9	103,5	<b>100,8</b>	19,1	10,8	6,9	30,4	3,7	17,6	145,8
Bakkus	18-212	Akkur	17-208	99,3	93,0	106,4	<b>99,5</b>	19,2	10,6	7,1	29,6	2,9	17,3	139,3
Össur	16-243	Þáttur	14-221	104,6	109,3	83,7	<b>99,2</b>	19,7	11,1	6,9	29,1	3,3	17,4	141,1
Örri	16-244	Ævar	15-228	95,3	96,7	100,8	<b>97,6</b>	18,7	10,8	7,2	30,4	3,9	17,8	138,3
Alfreð	17-207	Æfón	15-235	92,5	112,6	79,6	<b>94,9</b>	18,6	10,2	5,9	27,5	2,9	17,4	136,3
Ölver	16-246	Þver	14-226	95,0	81,4	101,8	<b>92,7</b>	18,8	10,2	7,1	30,1	3,6	17,7	138,2
Ötull	16-239	Ærslabelgu	15-229	87,5	102,3	84,1	<b>91,3</b>	18,0	10,8	6,8	28,9	3,4	17,3	134,4
Ærlegur	15-231	Tryggur	11-239	114,9	84,1	69,1	<b>89,4</b>	20,5	10,5	7,4	30,0	4,5	17,2	141,2
Özil	16-242	Þrándur	14-217	108,9	74,9	83,1	<b>89,0</b>	20,1	10,1	7,4	28,7	3,2	17,6	144,5
Ærslabelgur	15-229	Ullur	12-249	93,8	83,4	88,2	<b>88,5</b>	18,7	10,3	7,1	29,4	3,5	17,5	137,2
Aðall	17-203	Össur	16-243	91,5	86,0	82,3	<b>86,6</b>	18,4	10,7	7,4	28,5	3,1	17,3	138,9
Aragon	17-206	Ögri	16-241	89,4	96,0	69,3	<b>84,9</b>	18,3	10,6	6,9	27,8	3,3	17,0	134,8
							<b>Meðaltal:</b>	19,3	10,8	6,9	29,7	3,3	17,5	139,8

Hér að vanda ein af umfangsmeiri rannsóknum haustsins. Efstur stendur Baldur 18-209 og á hann einn glæsilegasta gimbrahópinn, bæði hvað ómmælingar og stígun snertir. Hann stendur síðan efstur í kjötmatshlutanum þar sem saman fer hjá afkvæmum hans góð gerð og lítil fita. Baldur rekur ættir sína að mestu í heimaféð á Brjánslæk, Ljúfur 08-859 frá Árbæ er móðurföðurfaðir. Besti 18-213 kemur næstur og skorar hæst fyrir mat á lifandi lömbum. Flokkun sláturlamba er jafnframt hagstæð og vænleiki í meðallagi. Faðir hans er Asi 17-201 sem fjallað er um hér í kjölfarið. Asi 17-201 á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva. Flokkun á sláturlömbum er síðan ákaflega hagstæð en fallþungi aðeins undir meðaltali. Föðurfaðir hans er kaupahrútur frá Bæ í Árneshreppi og í ættartrénu rekur hann sig einnig að Árbæ, Heydalsá 10g 3 og Hafnardal þegar aftur kemur. Asi stóð efstur í afkvæmarannsókninni hér í fyrra og staðfestir því rækilega nú að hann er öflugur lambafaðir. BÖ 18-214 skilar talsverðum yfirburðum bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatinu. Fallþungi sláturlamba er á meðaltali en flokkun lambanna er mjög hagstæð miðað við fallþungann. Föðurmóðir hans er móbotnótt, keypt frá Melum 1 í Árneshreppi. Móðurföðurfaðir BÖ er Ljúfur 08-859 frá Árbæ en að öðru leyti rekur hann ættir í Brjánslækjarféð.

## Innri-Múli á Barðaströnd

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Spakur	16-302	Svali	14-071	128,3	158,6	163,4	<b>150,1</b>	18,9	11,7	5,8	30,6	3,0	17,8	138,2
Askur	17-320	Flotti	14-309	109,7	102,3	133,7	<b>115,3</b>	17,6	10,5	6,4	29,2	2,4	17,3	140,0
Orrí	18-336	Spakur	16-302	103,4	128,1	104,4	<b>112,0</b>	17,0	10,9	5,8	27,4	2,6	17,4	140,7
Flotti	14-309	Hreggur	09-315	124,5	118,3	78,9	<b>107,2</b>	18,5	11,4	6,9	26,8	3,2	17,2	141,4
Dreki	18-339	Spakur	16-302	102,7	111,8	103,8	<b>106,1</b>	17,1	11,0	6,4	29,1	3,7	17,5	143,3
Dabbi	18-326	Sæmi	17-338	97,3	113,1	103,6	<b>104,7</b>	16,5	10,5	6,0	28,6	3,5	17,5	134,4
Deddi	17-339	Gormur	13-029	82,5	98,4	122,4	<b>101,1</b>	15,3	9,5	5,6	29,2	3,1	17,3	141,9
Sæmi	17-338	Birtingur	15-079	96,2	91,8	114,4	<b>100,8</b>	16,4	9,8	6,2	28,6	3,0	17,5	131,4
Lækur	15-349	Dabbi	12-302	100,8	108,8	90,1	<b>99,9</b>	16,8	10,1	5,9	27,1	3,0	17,3	136,2
Garpur	17-324	Flotti	14-309	107,6	98,2	86,4	<b>97,4</b>	17,3	9,8	5,9	27,2	3,0	17,1	131,9
Jötunn	17-325	Voði	14-301	98,1	93,2	100,1	<b>97,1</b>	16,5	9,1	5,4	27,4	2,5	17,0	134,7
Svali	18-331	Glæsir	16-081	83,6	89,5	117,3	<b>96,8</b>	15,4	8,9	5,3	28,5	2,7	17,3	135,6
Bassi	18-330	Sómi	16-002	93,8	99,8	95,5	<b>96,4</b>	16,2	9,3	5,3	26,9	2,2	17,0	139,9
Pinni	17-328	Spakur	16-302	101,5	94,0	93,3	<b>96,3</b>	16,8	9,7	6,0	27,6	2,9	17,0	136,9
Sólon	18-335	Pinni	17-328	92,5	101,2	84,4	<b>92,7</b>	15,9	9,7	5,7	25,9	2,7	17,2	138,3
Tenór	16-303	Tenór	12-062	94,7	86,0	95,2	<b>91,9</b>	16,2	8,9	5,5	27,1	2,8	17,2	135,6
Klængur	15-355	Klatti	12-310	101,4	83,9	90,2	<b>91,8</b>	16,8	9,6	6,2	27,2	2,6	17,0	139,5
Nóa Móri	18-340	Móri	17-326	114,7	80,7	77,6	<b>91,0</b>	18,2	9,6	6,5	26,6	3,4	17,2	141,2
Raknadalur	16-320	Snær	15-343	97,0	88,4	78,7	<b>88,0</b>	16,4	9,3	5,8	26,8	3,0	16,8	140,4
Bergur	17-329	Flotti	14-309	87,2	98,1	77,5	<b>87,6</b>	15,5	9,2	5,3	25,8	2,7	17,0	141,4
Burkni	18-333	Hnallur	17-370	87,1	73,2	99,8	<b>86,7</b>	15,6	8,5	5,6	27,6	2,7	17,1	130,1
Jónsi	18-332	Bjaarmi	17-103	86,6	79,0	91,2	<b>85,6</b>	15,8	9,0	5,7	27,7	2,9	16,9	138,8
Gráni	18-328	Djákni	17-323	99,9	76,7	50,0	<b>75,6</b>	16,7	9,1	6,2	25,1	3,6	16,9	135,2
							<b>Meðaltal:</b>	16,7	9,9	5,9	27,8	2,9	17,2	137,4

Í þessari stóru rannsókn á enginn hrútur roð í stórstjörnu síðustu ára. Spakur 16-302 skarar hér afgerandi fram úr öðrum hrútum þriðja árið í röð. Hann sýnir alveg óvenjulega yfirburði í öllum þremur þáttunum eins og tölurnar sýna. Spakur sem er aðkeyptur frá Broddanesi 1, hefur reynst einstakur lambafaðir í Innri-Múla og sláturlömb undan honum komin hátt á þriðja hundraðið. Meðalfallþungi þeirra er 18,3 kg, gerð 11,9 og fita 6,3. Spakur er nú fallinn en lágt kynbótamat hans fyrir frjósemi dætra er hans helsti ókostur. Dætur Asks 17-320 koma vel út úr mati á lifandi lömbum og liggja hans yfirburðir aðallega þar og í fallþunga sláturlamba. Askur er sonur Flotta 14-309 sem er meðal bestu hrúta búsin og hann rekur síðan ættir í Gullmola 08-314 í báðar ættir en sá hrútur var aðkeyptur frá Broddanesi og reyndist hér afar vel. Flotti var efstur í afkvæmarannsókn hér 2016 en kom svo næstur á eftir Spak 16-302 haustin 2017 og 2018. Orrí 18-336 kemur næstur í heildareinkunn en hann var eingöngu notaður á gemlinga sem er ekki alveg samanburðarhæft. Orrí er sonur Spaks 16-302 og móðir hans dóttir Gullmola 08-314 sem fyrr er nefndur. Þá kemur Flotti 14-309 næstur og sýnir mikla yfirburði í kjötmatshlutanum og fallþunga. Þykkt bakavöðva hjá dætrum hans er hinsvegar nokkuð undir meðaltali. Flotti er nú fallinn en hans helstu gallar voru áhættuarfgerð gagnvart riðu og lágt kynbótamat fyrir frjósemi dætra.

## Grænahlið í Ketildöllum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Lúsifer	17-666	Jón Viðar	15-562	107,2	102,4	131,6	<b>113,7</b>	18,4	10,7	7,4	32,1	3,0	17,5	130,9
Lárus	15-567	Gutti	12-030	103,3	106,1	128,8	<b>112,8</b>	18,1	10,6	7,2	32,5	3,3	17,7	130,5
Jarl	18-004	Fróði	17-671	103,1	111,3	116,8	<b>110,4</b>	18,2	10,4	6,8	31,7	3,4	17,7	131,2
Postuli	17-668	alur	16-529	89,4	124,6	111,2	<b>108,4</b>	17,2	10,7	6,6	30,7	3,1	17,7	131,4
Gabriel	17-667	Tolli	14-549	102,7	112,8	98,1	<b>104,6</b>	18,1	10,0	6,4	30,3	2,8	17,4	130,9
Heiðar	17-662	Geymir	15-106	96,1	112,6	100,1	<b>102,9</b>	17,7	9,9	6,3	30,4	3,1	17,5	133,1
Koniak	18-006	whiský	15-563	92,0	94,8	118,2	<b>101,7</b>	17,3	9,5	6,4	31,4	3,0	17,5	127,8
Smári	17-663	Straumur	16-061	107,2	96,6	81,7	<b>95,2</b>	18,4	9,5	6,4	30,2	3,3	17,4	131,6
Messías	18-001	Lúsifer	17-666	92,9	96,0	92,4	<b>93,8</b>	17,3	9,6	6,5	30,5	3,5	17,7	127,3
Dýrlingur	18-005	Postuli	17-668	100,6	83,2	94,6	<b>92,8</b>	18,0	10,1	7,6	30,4	3,1	17,6	130,4
Grettir	17-665	Loki	15-571	104,5	96,0	70,2	<b>90,3</b>	18,2	9,8	6,8	28,6	3,0	17,4	130,2
Þrymur	18-002	Postuli	17-668	99,8	80,5	83,8	<b>88,0</b>	17,9	10,1	7,6	29,6	3,2	17,4	126,9
James Bond	18-007	whiský	15-563	93,1	76,7	77,5	<b>82,4</b>	17,3	9,1	6,8	29,5	2,5	16,8	130,8
Móri	17-661	Dökkvi	15-159	105,2	74,6	65,2	<b>81,7</b>	18,4	9,4	7,3	29,4	3,5	17,0	129,8
							<b>Meðaltal:</b>	17,9	10,0	6,8	30,6	3,1	17,5	130,5

Hér stendur efstur Lúsifer 17-666 og sækir hann yfirburðina fyrst og fremst í mat á lifandi lömbum og góðan vænleika sláturlamba. Jafnframt á hann einn best gerða sláturlambahópinn en fitumatið á þessum lömbum dregur einkunn fyrir kjötmat niður. Faðir hans er Jón Viðar 15-562 frá Mjólkárverkjun sem var sonur Gutta 12-030 sonar Gosa 09-850 frá Ytri-Skógum. Næstur kemur Lárus 15-567 sem er einnig sonur Gutta 12-030. Lárus hefur verið einn besti hrútur búsins allt frá því hann var veturgamall og hefur því fyrir löngu sannað sig sem frábær lambafaðir. Nú á hann gimbrahópinn með þykkasta bakvöðvann og er næstefstur hvað gerð sláturlamba varðar. Lárus var fenginn sem lamb frá Mjólkárverkjun en móðir hans er dóttir Lauks 08-217 frá Minni-Hlíð sem var sonur Bifurs 06-994 frá Hesti. Lárus er athygliverður lambafaðir en ekki eins áhugaverður sem ærfaðir. Næstur er veturgamall hrútur, Jarl 18-004. Hann er að skila nokkuð jöfnum yfirburðum bæði fyrir lifandi lömb og í kjötmati. Í föðurætt rekur hann sig í þá Lauk 08-217 frá Minni-Hlíð og Jón Viðar 15-562 frá Mjólkárverkjun. Móðir hans er undan Dofra 13-534 sem fenginn var frá Stað í Súgandafirði og var undan Ás 09-877 frá Skriðu. Postuli 17-668 stendur efstur í kjötmatseinkunn enda að skila bestu gerðinni ásamt Lúsifer 17-666. Afkvæmi Postula eru léttari og jafnframt fituminni en afkvæmi Lúsifers. Postuli er talsvert skyldur ofangreinum hrútum þar sem Jón Viðar 15-562 er föðurfaðir hans og Laukur 08-217 móðurföðurfaðir.

## Vestur-Ísafjarðarsýsla

### Hólar í Dýrafirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kappi	16-118	Toppur	14-105	104,2	124,5	114,6	<b>114,4</b>	16,9	10,6	6,9	29,6	2,9	17,4	138,7
	17-105	Kaldi	12-950	100,7	114,1	123,4	<b>112,8</b>	16,7	9,9	6,7	31,1	3,6	17,6	139,4
	17-106	Magni	13-944	115,6	100,4	117,4	<b>111,1</b>	17,7	9,9	7,0	29,8	3,3	17,8	137,9
	17-102	Kjarni	13-927	97,0	103,3	118,8	<b>106,4</b>	16,4	9,5	6,6	29,6	2,8	17,4	137,8
Geirjón	16-123			102,9	84,0	119,8	<b>102,2</b>	16,9	9,4	7,3	30,1	3,0	17,6	139,3
Stakur	18-101		17-013	102,6	99,1	93,5	<b>98,4</b>	16,8	9,6	6,9	28,5	2,7	17,0	139,2
Kóngur	15-018	Förull	10-029	107,0	106,7	74,3	<b>96,0</b>	17,1	10,0	7,0	27,1	3,1	17,2	137,4
	18-106	Kappi	16-118	87,9	108,2	83,0	<b>93,0</b>	15,6	9,1	6,1	27,4	2,7	17,1	138,1
	18-105	Snær	16-117	79,8	80,2	115,8	<b>92,0</b>	14,9	7,9	6,1	30,1	2,7	17,0	138,5
Snær	16-117	Svimi	14-956	89,7	94,7	88,1	<b>90,8</b>	15,8	8,9	6,5	29,3	3,4	17,1	138,4
Mosi	18-102	Móri	16-202	104,4	75,4	49,7	<b>76,5</b>	17,0	9,6	7,7	26,7	3,2	17,0	137,1
							<b>Meðaltal:</b>	16,6	9,5	6,8	29,1	3,1	17,3	138,2

Kappi 16-118 stendur hér efstur en þessi hrútur skilaði einnig áhugaverðum niðurstöðum haustið 2017. Nú er hann að skila afgerandi bestu gerðinni hjá sláturlömbum. Stöðvahrúta er ekki að sjá í ættartrénu fyrr en fjórða lið, nema Krókur 05-803 frá Staðarbakka er hér móðurföðurfaðir. Kappi hefur verið felldur. Næstur kemur 17-105 sem er sonur Kalda 12-950 frá Oddstöðum. Þessi hrútur kemur sterkastur út úr mati á lifandi lömbum og flokkun sláturlamba er einnig prýðileg. Móðir hans er afkomandi At 06-806 frá Hafrafellstungu í báðar ættir. Kollóttur hrútur 17-106 kemur næstur og er hann sonur Magna 13-944 frá Heydalsá 1 og 3 en móðurfaðir hans kaupahrútur frá Smáhömrum. Dætur hans hafa greinilega komið vel fyrir í mati á lifandi lömbum og sláturlömbin bera talsvert af öðrum hópum hvað vænleika snertir.

### Ketilseyri í Dýrafirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Elrir	18-062	Faldur	14-058	99,5	117,4	120,1	<b>112,3</b>	16,6	9,2	5,0	29,5	2,5	17,4	130,9
Lurkur	18-055	Kóngur	15-018	131,0	113,2	82,6	<b>109,0</b>	19,8	11,4	7,8	28,6	3,4	17,4	136,6
Burkni	18-065	Nagli	15-071	96,2	110,5	114,7	<b>107,1</b>	16,2	10,3	6,3	28,8	2,7	17,7	133,7
Reynir	18-059	Voði	17-059	112,1	101,5	105,9	<b>106,5</b>	18,0	9,6	6,3	29,8	3,4	17,6	134,5
Fjarki	17-054	Börkur	13-952	102,0	97,2	108,6	<b>102,6</b>	16,8	9,5	6,3	29,3	2,8	17,3	136,1
Grenir	18-063	Fróði	16-068	102,1	80,5	124,2	<b>102,2</b>	16,9	9,8	7,2	30,3	2,9	17,7	131,3
Klettur	17-057	Tinni	15-968	78,9	118,1	102,7	<b>99,9</b>	15,3	9,9	5,8	28,0	2,7	17,6	131,9
Lax	18-064	Jón Viðar	15-562	98,4	85,2	102,7	<b>95,4</b>	16,5	9,3	6,5	28,9	2,7	17,2	134,5
Lerkir	18-061	Fróði	16-068	89,9	98,7	94,7	<b>94,4</b>	15,7	9,3	5,9	28,1	2,8	17,5	128,3
Móri	16-202	Ísak	13-264	115,2	46,3	39,9	<b>67,1</b>	18,5	8,8	8,3	26,6	3,9	16,8	138,0
							<b>Meðaltal:</b>	16,7	9,7	6,3	28,7	2,9	17,4	133,2

Elrir 18-062 stendur hér efstur og er það ekki síst lítil fita á sláturlömbum sem skilar honum í efsta sæti. Þessi hrútur er sonarsonur Saums 12-915 frá Ytri-Skógum og móðir hans er afkomandi þeirra

Lunda 03-945 frá Bergsstöðum og Áls 00-868 frá Hesti. Lurkur 18-055 sýnir hér mikla yfirburði í gerð og fallþunga sláturlamba en mæður þeirra eru allar tvævetlur. Lurkur er undan kaupahrút frá Mjólkárviðkjun og rekur hann ættir í Strandasýslu að miklu leyti. Burkni 18-065 er greinilega að skila vel gerðum og fremur fitulitlum lömbum. Burkni er sonur Nagla 15-071 frá Mjólkárviðkjun sem var sonur Gutta 12-030 sem skilaði mjög góðu sem lambafaðir á þessu svæði.

## Strandasýsla

### Klúka, Steingrímsfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Golsi	18-203	Mundi	14-248	116,0	106,1	113,8	<b>112,0</b>	19,9	10,5	6,7	29,0	3,8	17,7	134,7
Svalur	18-204	Guðni Mái	17-091	106,6	93,2	132,1	<b>110,6</b>	18,8	10,6	7,5	30,0	4,0	17,7	134,9
Bósi	16-236	Gaui 3331	14-391	104,9	109,9	92,1	<b>102,3</b>	18,6	10,3	6,6	27,4	3,9	17,5	135,8
Marinó	18-206	Geisli	15-344	86,5	106,7	104,9	<b>99,3</b>	16,8	9,3	6,0	27,7	3,4	17,4	136,0
Ernir	17-245	Kjarni	16-277	93,4	103,2	89,3	<b>95,3</b>	17,4	9,8	6,6	28,1	4,7	17,6	138,3
Valur	18-205	Smári	17-089	97,1	82,5	71,0	<b>83,5</b>	17,8	9,9	7,4	26,4	4,1	17,4	135,9
							<b>Meðaltal:</b>	18,1	10,0	6,8	28,0	4,0	17,5	136,0

Í þessari rannsókn koma fram tveir efnilegir veturgamlir hrútar. Golsi stendur efstur. Hann á þroskamesta hópinn. Skilar góðri gerð og hóflegri fitu og er því útkoma hans í alla staði góð. Svalur skilar einnig góðri gerð. Hann er efstur í líflambahlutanum með þykkasta bakvöðvann og skilar jafnframt hæsta gerðarmatinu en þar fylgir nokkur fita með sem dregur hann aðeins niður. Bósi fær hæstu einkunn úr kjötmatshlutanum, sem skýrist af því að hann nær allgóðri gerð og hóflegri fitu miðað við fallþunga.

### Melar 3, Hrutafirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Músi	17-776	Bangsi	14-765	100,2	126,0	131,3	<b>119,2</b>	16,1	10,0	6,3	27,4	3,4	17,4	127,8
Fróði	17-608	Frosti	16-770	103,8	105,2	117,3	<b>108,8</b>	16,5	9,1	6,0	26,7	3,5	17,4	129,5
Jóhannes	16-743	Gunni	15-804	99,1	111,3	111,0	<b>107,1</b>	16,1	9,4	6,1	26,5	3,5	17,1	130,1
EfriFitjar	18-720	Durtur	16-994	94,3	100,9	105,4	<b>100,2</b>	15,7	9,1	6,3	26,8	3,7	16,9	128,2
Fent	17-602	Bangsi	14-765	87,9	101,4	111,0	<b>100,1</b>	15,1	9,0	6,2	26,6	3,6	17,3	130,7
Jóhann Risi	18-721	Blær	11-979	112,3	90,4	93,3	<b>98,7</b>	17,0	9,0	6,2	25,3	3,5	17,3	142,9
Ebiti	17-610	Ebiti	13-971	103,8	95,4	94,6	<b>97,9</b>	16,5	9,1	6,3	26,2	4,4	17,5	126,4
Skussi	17-606	Darri	15-730	109,8	99,1	82,7	<b>97,2</b>	17,4	9,3	6,3	24,9	3,8	17,1	139,8
Einar	18-777	Fróði	17-608	107,6	92,9	89,5	<b>96,6</b>	17,3	9,0	6,3	24,6	3,9	17,5	143,1
Ragnar	16-741	Grímur	13-120	94,2	102,5	86,9	<b>94,5</b>	15,6	8,4	5,5	24,9	3,4	16,8	128,6
Bambi	17-603	Bangsi	14-765	95,5	94,8	92,9	<b>94,4</b>	15,8	8,6	6,0	26,3	4,2	17,3	137,7
Skakklappi	18-719	Glæsir	16-081	91,9	87,1	85,9	<b>88,3</b>	15,5	8,2	5,9	24,4	3,2	16,8	127,2
Simbi	17-622	Elvis	16-258	109,1	63,2	90,7	<b>87,6</b>	17,3	8,2	7,0	27,2	4,4	17,0	144,1
							<b>Meðaltal:</b>	16,1	9,1	6,2	26,1	3,7	17,2	131,9

Músi 17-776 er afgerandi efsti hrúturinn í þessari afkvæmarannsókn. Hann staðfestir því góðan árangur frá síðasta ári, en þá var hann einnig efstur í samanburði heimahrúta á Melum. Músi er sonur Bangsa 14-765 frá Efri-Fitjum. Músi er vel gerður einstaklingur sem greinilega skilar þeim eiginleikum áfram til afkvæma sinna. Annar í heildarstigum er Fróði 17-608. Á bakvið hann standa þekktir kollóttir stöðvahrútar en föðurfaðir hans er Krapí 13-940 og FMF er Strengur 09-891. Fróði fær hér ágæta útkomu í líflambaskoðun og skilar vænleika yfir meðallagi. Hann er hinsvegar aðeins að skila gerð sláturlamba í meðallagi en lítil fita miðað við fallþunga hífir kjötmatseinkunina upp. Jóhannes, sonur Gunna 15-804 frá Efri-Fitjum, á næstbest gerða sláturlambahópinn. Þessi hrútur átti einnig ágætan afkvæmahóp í fyrra. Því miður er þessi prýðis hrútur dauður. Veturgömlu hrútarnir sýna ekki neitt útslag í þessum samanburði, en efstur þeirra er hrútur frá Efri-Fitjum númer 18-720. Afkvæmahópur hans er aðeins undir meðaltalinu í fallþunga en skilar ágætri gerð miðað við þunga.

## Miðalsgröf, Steingrímsfirði

Nafn	Faðir Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Sópur	18-308	Flótti	15-232	104,4	87,4	122,1	<b>104,6</b>	18,0	10,4	6,9	30,6	4,0	17,8	139,3
Sófus	18-312	Bútur	17-233	103,8	91,1	109,9	<b>101,6</b>	18,0	10,6	7,0	29,5	3,8	17,6	136,9
Salli	15-102	Salómon	12-567	103,4	97,9	101,0	<b>100,8</b>	17,9	10,9	7,0	28,7	3,9	17,8	141,8
Kubbur	17-337	Hnöttur	14-125	93,1	133,7	73,3	<b>100,1</b>	17,2	11,7	6,7	27,2	4,1	17,7	135,8
Garpur	18-309	Greifi	15-046	104,7	80,9	114,0	<b>99,8</b>	18,1	10,4	7,2	29,4	3,9	17,8	137,2
Melur	18-313	Bás	17-247	97,5	87,6	110,7	<b>98,6</b>	17,4	10,5	7,0	29,1	3,8	17,9	136,5
Baron	17-334	Baugur	12-327	110,0	85,2	97,1	<b>97,5</b>	18,5	10,1	6,7	28,4	4,0	17,8	131,7
Kambur	17-335	Hjassi	15-297	93,7	94,8	72,1	<b>86,9</b>	17,1	9,8	6,1	26,6	3,9	17,4	137,2
							<b>Meðaltal:</b>	17,6	10,7	6,7	28,7	3,9	17,7	136,7

Í Miðalsgröf eru hrútarnir nokkuð jafnir í heildareinkunn, hóparnir góðir en enginn sem gerir verulegt útslag. Efstir eru tveir veturgamlir hrútar. Það er Sópur 18-308 sem trónir á toppnum. Styrkleika sinn sækir hann mest í bakvöðvapykktna og kemur hann langsterkast út í gimbraskoðuninni. Kjötmatstærstöður fyrir afkvæmi Sóps eru hinsvegar undir meðallagi. Sópur er sonur Flóttas 15-232 frá Melum sem fenginn var á Klúku til afkvæmaprófunar í Miðalsgröf og er hann sonur Sigurboga 14-113 frá Melum. Næstur í röðinni er Sófus 18-312. Líkt og hjá Sóp er það góður þungi og þykkur bakvöðvi sem skila honum stígunum. Sófus er frá Hríshóli í Reykhólasveit. Sá hrútur sem tekur öll stigin í kjötmatinu er Kubbur 17-337. Kubbur er frá Kristjáni á Melum 2 og er undan Hnetti 14-125 frá Broddanesi. Kubbur var í afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta í hólfinu sem haldin var í Miðalsgröf á síðasta ári. Þá voru niðurstöður hans ekki eins afgerandi og nú, hvort sem það er vegna þess að samanburðarhrútarnir eru ekki eins sterkir eða ærhóparnir ekki eins jafnir en hann á langstærsta sláturlambahópinn í þessum samanburði. Það sem heldur niðri heildareinkunn Kubbs er að bakvöðvi afkvæmanna er undir meðallagi sem og fallþungi sláturlambanna.

## Staður, Steingrímsfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Pristur	18-271	Moldvin	14-251	104,7	135,7	127,9	<b>122,8</b>	20,1	12,0	6,2	30,3	3,4	18,0	124,9
Tangi	18-273	Mangi	17-123	99,4	108,7	127,3	<b>111,8</b>	19,5	11,2	6,7	32,6	4,6	17,9	122,4
Moldvin	14-251	Molli	13-981	109,4	87,4	104,5	<b>100,4</b>	20,6	11,1	7,5	29,9	3,8	17,7	128,1
Uggi	18-272	Fannar	14-972	107,1	90,0	102,7	<b>99,9</b>	20,2	11,1	7,3	30,5	4,4	17,7	131,6
Rauti	18-274	Skrauti	17-269	91,9	90,6	113,6	<b>98,7</b>	18,8	11,2	7,4	30,2	3,9	17,9	129,5
Vinur	17-266	Moldvin	14-251	104,9	92,1	96,6	<b>97,9</b>	20,1	11,0	7,2	28,7	3,5	17,8	128,6
Olli	16-261	Molli	13-981	99,2	105,3	70,6	<b>91,7</b>	19,5	11,0	6,6	27,6	3,9	17,4	129,3
Skrauti	17-269	Molli	13-981	91,5	90,5	92,1	<b>91,4</b>	18,7	10,9	7,1	28,6	3,4	17,4	133,2
Bjarnfreður	13-299	Viti	12-767	94,1	102,0	64,0	<b>86,7</b>	19,0	10,7	6,4	27,4	4,0	17,6	122,0
							<b>Meðaltal:</b>	19,6	11,1	6,9	29,5	3,9	17,7	127,9

Hér er ánægjulegt að sjá tvo veturgamla hrúta tróna á toppnum. Efstur er Pristur 18-271. Hann skilar hér hvað mestum þunga, afgerandi bestri gerð og hóflegri fitu. Afkvæmin eru almennt væn en fremur lágfætt. Moldvin 14-251 faðir hans hefur verið farsæll kynbótahrútur á búinu. Í móðurætt rekur Pristur ættir sínar í stöðvahrútana Stera 07-855 og Forða 08-858. Þessi efnishrútur var fenginn til prófunar í afkvæmarannsókn vegna sæðingastöðvanna sem fram fer á Heydalsá 1 veturinn 2019 til 2020. Þá vekur hér einnig athygli Tangi 18-273. Gimbrannar sem skoðaðar voru undan honum reyndust hafa geysi mikil bakhold sem skilar Tanga þykkasta bakvöðvanum en jafnframt mælast þær feitastar. Sláturlambahópurinn flokkast prýðilega og þar virðist fitan ekki meiri en hjá meðalhrútnum í þessari rannsókn. Tangi er kaupahrútur frá Heydalsá 1 og bakvið hann standa stöðvahrútar Magni 13-944 og Molli 13-981. Því er Tangi nokkuð skyldur heimahrútnum á Stað þar sem Molli 13-981 er að verða allsráðandi sem ættfaðir.

## Þorpar, Steingrímsfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Einbúi	16-002	Bjartur	15-078	109,5	131,2	128,9	<b>123,2</b>	18,4	10,9	6,0	31,3	2,9	17,3	135,5
Greifi	15-046	Hnokki	12-047	100,3	111,2	111,0	<b>107,5</b>	17,5	11,1	7,2	30,3	3,1	17,2	141,1
Hvalur	18-015	Einbúi	16-002	112,9	104,2	103,1	<b>106,7</b>	18,6	9,7	5,9	30,0	2,8	17,1	140,8
Asi	18-012	Goði	16-275	110,2	104,2	98,2	<b>104,2</b>	18,3	10,6	6,9	29,0	2,7	17,3	140,1
Bruni	16-001	Greifi	15-046	102,0	96,0	104,6	<b>100,9</b>	17,6	10,4	7,1	29,3	2,6	17,2	139,9
Selur	18-017	Einbúi	16-002	91,1	115,7	93,2	<b>100,0</b>	16,7	9,8	5,9	29,5	3,2	17,1	141,6
Jarl	18-016	Greifi	15-046	99,7	104,6	93,0	<b>99,1</b>	17,4	10,2	6,6	28,9	2,8	17,1	138,8
Ýmir	18-019	Týr	17-363	96,8	94,1	90,0	<b>93,7</b>	17,2	9,9	6,7	29,8	3,5	17,0	138,0
Barón	17-007	Greifi	15-046	88,3	87,2	100,9	<b>92,1</b>	16,5	9,5	6,7	29,0	2,6	17,2	140,0
Hnútur	18-014	Melur	17-116	92,2	82,9	89,5	<b>88,2</b>	16,8	9,3	6,7	28,0	2,3	16,9	143,6
Biti	18-013	Mangi	17-123	100,8	79,4	76,3	<b>85,5</b>	17,5	9,1	6,5	27,8	2,9	16,8	139,1
							<b>Meðaltal:</b>	17,4	10,0	6,6	29,5	2,9	17,1	140,0

Í þorpum eru tveir fullorðnir höfðingjar efstir, þeir Einbúi 16-002 og Greifi 15-046. Þessir hrútar hafa verið öflugustu kynbótahrútar búsins á síðustu árum. Einbúi, sem stendur hér afgerandi efstur og skilar jafnframt góðum þunga, er fæddur í Broddanesi. Faðir hans, Bjartur 15-078 er frá Heydalsá en móðurfaðir hans er Dabbi 10-162 frá Broddanesi. Greifi er hinsvegar fæddur í Árbæ og er einn af mörgum öflugum afkomendum Hnokka 12-047. Greifi er margreyndur og var m.a. fenginn í prófun fyrir úrvalshrúta sem fram fór í Miðdalsgröf veturinn 2017 til 2018 og var þar þriðji efsti hrútur samkvæmt heildarstigum. Sá hrútur sem er hér þriðji í röðinni er Einbúasonurinn Hvalur 18-015 og er hann jafnframt efsti veturgamli hrúturinn. Hann stendur sig vel í öllum þáttum og á vænsta afkvæmahópinn. Þá er prýðisútkoma hjá Asa 18-012, sem skilar vænum og vel gerðum lömbum. Asi er fenginn frá Kambi í Reykhólasveit og er sonarsonur Kolls 15-983. Þessi hrútur er því miður fallinn.

## Vestur-Húnavatnssýsla

### Þóroddsstaðir, Hrutafirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Trúður	15-051	Lúður	13-055	111,8	116,3	149,2	<b>125,7</b>	18,9	11,7	6,8	33,5	2,6	17,5	138,6
Kappi	16-052	Höfðingi	10-919	99,6	120,7	126,7	<b>115,7</b>	17,9	11,6	6,6	32,4	2,8	17,6	139,6
Sammi	16-051	Salamon	10-906	104,1	115,0	127,7	<b>115,6</b>	18,3	10,6	5,9	32,6	2,4	17,3	138,0
Reki	18-051	Dreki	13-953	95,0	124,8	120,3	<b>113,4</b>	17,3	11,4	5,9	32,3	2,5	17,3	135,0
Tralli	17-055	Trúður	15-051	107,4	106,5	93,2	<b>102,4</b>	18,6	10,6	6,1	30,8	2,5	17,1	136,0
Silfri	18-057	Þremill	17-051	103,0	101,3	99,7	<b>101,3</b>	18,2	10,3	6,0	31,3	2,9	17,3	144,0
Fjári	17-052	Kölski	10-920	99,2	113,3	87,7	<b>100,1</b>	17,9	10,7	6,1	31,3	3,0	16,9	132,8
Geir	17-053	Börkur	13-952	107,7	95,6	91,5	<b>98,3</b>	18,6	10,3	6,2	31,1	2,8	17,1	138,8
Ari	18-052	Bergur	13-961	121,9	78,0	91,9	<b>97,2</b>	19,9	10,5	7,0	31,3	2,8	17,2	145,9
Putti	18-053	Gutti	13-984	96,6	102,2	89,9	<b>96,2</b>	17,6	10,3	6,0	30,3	2,6	17,2	138,6
Lappi	17-057	Kappi	16-052	91,0	95,4	100,7	<b>95,7</b>	17,0	10,1	6,2	31,5	2,7	17,3	147,5
Fjarki	17-056	Þristur	15-055	91,6	88,5	92,3	<b>90,8</b>	17,2	9,6	6,0	30,3	2,1	16,8	136,0
Bolti	17-058	Klaki	16-056	100,2	94,6	76,8	<b>90,5</b>	18,0	10,6	6,6	29,2	2,5	17,2	140,5
Samson	18-054	Sammi	16-051	98,3	77,7	94,7	<b>90,2</b>	17,7	9,2	6,2	30,8	2,8	17,5	142,9
Þristur	15-055	Tvistur	14-016	93,3	80,3	83,7	<b>85,8</b>	17,4	9,7	6,3	30,1	2,6	17,3	131,2
Vaggi	17-054	Dreki	13-953	84,6	94,3	76,4	<b>85,1</b>	16,7	9,2	5,3	30,0	2,7	17,0	139,0
Mýrus	18-055	Fáfnir	16-995	93,6	84,6	71,9	<b>83,3</b>	17,4	9,7	6,1	29,7	2,6	17,1	137,7
							<b>Meðaltal:</b>	17,9	10,4	6,2	31,2	2,7	17,2	138,5

Á þóroddsstöðum er margreyndur kappi sem skipar efsta sætið með afgerandi yfirburðum. Það er Trúður 15-051. Trúður hefur verið einn öflugasti lambafaðir búsins á síðustu árum og var á sínum tíma fenginn til prófunar í afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta sem fram fór á Mýrum 2. Þar var hann í toppbaráttunni og einn af þeim hrútum sem til greina kom sem stöðvahrútur. Trúður er sonarsonur Prúðs 11-896 frá Ytri-Skógum. Annar í röðinni er síðan mórauður hrútur,



Kappi 16-052, sonur Höfðinga 10-919 frá Leiðólfsstöðum og dóttursonur Guma 09-880 frá Borgarfelli. Kappi er þrælöflugur lambafaðir og á hér þann hóp sem hlýtur aðra hæstu gerðareinkunn í sláturhúsi. Sammi 16-051 sýnir svipaða útkomu og á síðasta ári, en þá stóð hann einnig þriðji í röðinni. Gefur góðan þunga og sameinar vel góða gerð og litla fitu. Af veturgömlu hrútunum er efstur Reki 18-051. Þessi hrútur er reyndar ekki fyllilega samanburðarhæfur þar sem hann var eingöngu notaður á gemlinga og á það einnig við um Samson 18-054. Reki sýnir engu að síður athyglisverða niðurstöðu. Þessi hrútur er undan úrvals á sem er jafnframt móðir Kappa 16-052. Þá er hér veturgamall hrútur sem vekur athygli fyrir mikinn vænleika afkvæmanna, en það er Ari 18-052 sonur Bergs 13-961 frá Bergsstöðum. Hann á hér vænsta hópinn sem er 2 kg yfir meðalþunga í þessum samanburði.

### Barkarstaðir, Miðfirði

Nafn	Faðir Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
	18-403	Klaki	16-011	111,1	115,9	126,5	<b>117,8</b>	17,9	10,5	7,2	30,7	2,8	17,1	137,9
	18-401	Frosti	14-987	110,9	101,4	117,9	<b>110,1</b>	17,9	10,3	7,6	31,8	3,5	17,2	136,2
Flandri	17-403	Eftirlýstur	16-411	93,3	100,8	118,1	<b>104,1</b>	16,5	8,9	6,1	29,9	2,2	16,9	132,2
	18-410	Eltihrellir	16-401	103,3	92,9	109,1	<b>101,8</b>	17,3	9,0	6,6	30,3	3,5	17,3	129,2
	18-402	Guðni Sau	16-665	103,8	89,7	107,8	<b>100,5</b>	17,3	9,0	6,7	30,1	3,0	17,0	131,5
Eltihrellir	16-401	Fálki	15-017	95,0	99,2	101,7	<b>98,6</b>	16,6	9,3	6,6	29,0	3,1	17,2	132,6
Mjaldur	17-412	Myrkvi	12-665	88,6	109,2	83,9	<b>93,9</b>	16,3	9,8	6,8	29,5	4,0	17,0	136,0
Draumur	15-403	Svartiskóg	14-665	103,1	94,3	79,5	<b>92,3</b>	17,2	9,7	7,2	29,1	3,9	17,2	135,5
	18-405	Jökull	15-280	111,3	85,4	54,9	<b>83,9</b>	17,9	9,7	7,5	28,0	4,4	17,1	135,0
							<b>Meðaltal:</b>	17,0	9,5	6,8	29,7	3,4	17,1	134,3

Á Barkarstöðum eru 5 veturgamlir hrútar í samanburði ásamt eldri hrútum. Allir veturgömlu hrútarnir voru aðallega í tveggja vetra ám og ætti samanburður milli þeirra að vera býsna raunhæfur. Tveir þeirra sýna hér afgerandi góðar niðurstöður og virðast lofandi kynbótagripir. Það er annarsvegar hrútur nr. 18-403 sem er fæddur á Syðri-Urriðaá sonarsonur Kalda 12-950 frá Oddsstöðum og dóttursonur Gautreks 10-661 frá Efri-Fitjum sem er Grábotnasonur. Þessi hrútur fær góðar niðurstöður úr öllum þáttum rannsóknarinnar og stendur með hæsta gerðarmatið fyrir sláturlömb. Hinsvegar er það hrútur nr. 18-401 sem er fæddur á Efri-Fitjum. Hann er sonur Frosta 14-987 frá Ketilseyri og dóttursonur Bósa 08-901 frá Þóroddsstöðum. Þetta er einnig öflugur gerðarhrútur, en hann á þann hóp sem skartar þykkasta bakvöðvanum og næst hæstri kjötmatseinkunn.

## Mýrar 2, Hrutafirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Nelson	17-131	Mjöllnir	16-828	91,3	128,7	120,1	<b>113,4</b>	18,9	11,9	7,3	30,8	2,9	17,8
Myrkvi	18-132	Mjöllnir	16-828	99,1	140,3	96,2	<b>111,9</b>	19,6	12,1	7,0	29,0	2,8	17,6
Magni	18-164	Kraftur	11-947	107,2	111,6	114,8	<b>111,2</b>	20,3	12,3	8,2	31,2	3,1	17,6
Ási	18-160	Lási	13-985	105,8	106,7	116,9	<b>109,8</b>	20,2	11,5	7,6	30,7	2,7	17,5
Hvítmávur	18-222	Mávur	15-990	99,4	117,6	112,4	<b>109,8</b>	19,6	11,3	7,1	31,1	3,2	17,7
Laukur	17-225	Sproti	14-137	112,9	95,8	117,7	<b>108,8</b>	20,8	11,6	8,1	31,5	3,6	18,0
Haffi	18-167	Nelson	17-131	107,3	113,1	103,9	<b>108,1</b>	20,4	11,9	7,8	30,8	3,4	17,5
Bjartmávur	18-133	Mávur	15-990	101,1	96,0	119,7	<b>105,6</b>	19,8	10,8	7,4	31,9	3,5	17,8
Pyrnir	16-131	Runni	11-014	103,3	107,1	102,3	<b>104,2</b>	19,9	11,5	7,6	30,2	3,4	17,8
Jörfi	17-135	Víðir	15-303	104,5	92,1	110,5	<b>102,4</b>	20,0	11,2	7,9	31,3	3,4	17,5
Lykill	18-162	Lási	13-985	108,9	74,1	124,2	<b>102,4</b>	20,4	10,8	8,1	31,7	3,0	17,6
Fönix	18-131	Fáfnir	16-995	96,4	110,8	99,1	<b>102,1</b>	19,4	11,0	7,1	29,2	2,9	17,7
Hlynur	16-221	Burkni	13-951	80,7	107,0	115,1	<b>101,0</b>	18,0	10,6	7,0	30,5	2,8	17,7
Mínus	16-827	Hvati	13-926	93,3	106,6	100,8	<b>100,2</b>	19,2	11,3	7,6	30,7	3,7	17,7
Grámi	17-132	Fáfnir	16-995	102,3	96,5	98,7	<b>99,2</b>	19,9	11,4	8,0	29,7	3,1	17,6
Stálbiti	18-163	Járnbiti	17-673	91,7	96,2	107,3	<b>98,4</b>	18,9	10,8	7,5	29,7	2,7	17,7
Máttur	16-224	Kraftur	11-947	97,3	104,2	89,4	<b>97,0</b>	19,3	11,0	7,3	28,9	3,1	17,6
Í Garði er yfir höfuð ekki mikill breytileiki í niðurstöðum hrútanna. Efstur er Svali 18-251 sem sameinar vel prýðilega gerð og hóflega fitu. Svali er sonur Safa 16-156 sem er frá Gunnarsstöðum en til heimilis að Hagalandi. Krappur 18-256 er sá hrútur sem skilar bestri gerð sláturlamba og eins hafa dætur hans stigast vel en gallinn við hans útkomu er að fallþunginn er nokkuð undir meðallagi. Þessi hrútur er sonarsonur Hólks 15-823 frá Brekku.

## Gunnarsstaðir, Pistilfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Vé	16-042	Fjandi	14-046	107,7	115,7	147,1	<b>123,5</b>	15,2	9,6	5,7	31,1	2,4	17,4	132,3
Serkur	17-059	Börkur	13-952	106,2	121,7	114,8	<b>114,2</b>	15,1	9,6	5,5	29,8	2,5	17,2	128,3
Gaur	18-041	Klerkur	17-052	110,6	93,8	130,4	<b>111,6</b>	15,6	8,9	5,7	31,3	2,5	17,3	126,3
Búri	17-049	Vé	16-042	102,3	104,3	123,6	<b>110,1</b>	14,8	8,9	5,4	29,5	2,1	17,2	129,7
Pottur	17-058	Burkni	13-951	97,8	109,8	122,7	<b>110,1</b>	14,5	9,3	5,6	30,0	2,0	17,3	130,3
Klerkur	17-052	Börkur	13-952	110,8	103,8	109,1	<b>107,9</b>	15,4	9,3	5,8	29,4	2,1	17,0	126,6
Lóni	18-040	Birkir	16-005	106,4	101,7	111,8	<b>106,6</b>	15,2	8,7	5,3	29,4	2,3	17,1	128,9
Dóni	17-055	Hrauni	12-948	85,0	99,3	126,1	<b>103,5</b>	13,6	8,4	5,1	30,9	2,7	17,0	135,3
Vilji	16-041	Fjandi	14-046	102,9	83,4	117,4	<b>101,3</b>	14,9	8,6	5,7	30,2	2,7	17,3	128,7
Prins	17-043			101,4	109,0	86,4	<b>98,9</b>	14,8	9,1	5,5	28,3	2,3	16,9	129,0
Snúður	17-044	Skrúður	14-055	102,6	111,1	77,1	<b>96,9</b>	14,8	9,2	5,5	27,8	2,3	16,7	128,6
Fleki	18-050	Hvíslí	16-045	101,3	97,4	85,4	<b>94,7</b>	14,8	8,7	5,5	27,3	2,4	17,2	128,5
Glámur	17-042	Jónas	12-949	95,4	109,3	75,4	<b>93,4</b>	14,3	9,1	5,4	27,8	2,1	16,4	126,7
Hnúður	18-049	Snúður	17-044	94,3	97,1	87,6	<b>93,0</b>	14,2	8,3	5,0	27,9	2,2	16,7	129,9
Lalli	18-043	Róni	17-054	104,2	80,4	89,0	<b>91,2</b>	15,1	8,4	5,9	28,8	2,7	17,0	129,0
Róni	17-054	Hrauni	12-948	83,9	87,0	100,7	<b>90,5</b>	13,6	7,9	5,0	29,1	2,6	17,0	121,0
Frábær	18-051	Dásamleg	17-373	94,2	99,8	75,5	<b>89,8</b>	14,1	8,7	5,4	27,9	2,4	16,6	135,4
Bali	17-051	Burkni	13-951	98,9	85,9	79,4	<b>88,1</b>	14,6	8,6	5,7	27,6	2,3	16,9	130,1
Hvíslí	16-045	Hríslí	10-045	94,8	89,5	72,7	<b>85,7</b>	14,3	8,3	5,3	27,4	2,4	16,9	131,6
							<b>Meðaltal:</b>	14,7	8,8	5,5	28,9	2,3	17,0	129,1

Á Gunnarsstöðum er stór hópur hrúta í samanburði. Vé 16-042, sonarsonur Skratta 12-913 frá Hesti, stendur hér efstur. Þetta er öflugur gerðarhrútur en hann stendur núna með 122 stig í kynbótamati fyrir gerð. Í þessum samanburði sækir hann yfirburði sína öðru fremur í góða útkomu á líflambahópnum en afkvæmi hans mælast með geysi þykkann bakvöðva og góð lærahold. Annar í röðinni er tveggja vetra hrútur, Serkur 17-059. Einn af mörgum sonum Barkar 13-952 sem hafa verið að láta að sér kveða sem lambafeður. Serkur kemur hér geysi sterkur út úr öllum þáttum í þessum samanburði. Þar að auki hefur hann hagstætt kynbótamat fyrir dætraeiginleika, enda dóttursonur Kjarks 08-840 frá Ytri-Skógum og er hann því ákaflega álitlegur alhliða kynbótahrútur. Serkur kom einnig sterkur út í kjötmati á síðasta ári. Af veturgömlu hrútunum er Gaur 18-041 efstur. Hann er af svipuðum meiði og Serkur, en Gaur er sonarsonur Barkar 13-952. Gaur átti öflugan hóp í gimbraskoðuninni og skilar góðum þroska en gerð sláturlamba er þó aðeins rétt yfir meðallagi.



## Snartarstaðir, Öxarfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Amor	17-831	Börkur	13-952	109,7	114,7	139,4	<b>121,3</b>	19,8	11,4	7,8	32,9	3,1	18,1	141,2
Völlur	18-835	Amor	17-831	98,6	115,2	118,5	<b>110,8</b>	19,0	11,5	8,0	31,8	2,8	17,8	143,4
Bruni	17-832	Börkur	13-952	106,7	115,5	95,0	<b>105,7</b>	19,6	11,5	7,9	30,6	2,8	17,8	141,1
Blöndal	17-321	Börkur	13-952	103,5	106,2	97,5	<b>102,4</b>	19,3	11,3	8,1	30,6	2,8	17,8	144,0
svartur	18-530	Bjartur	15-967	96,2	104,7	98,2	<b>99,7</b>	18,8	10,8	7,7	31,4	3,4	17,9	145,2
Bjarni	17-533	Burkni	13-951	95,6	93,7	99,1	<b>96,1</b>	18,8	10,6	7,9	31,5	3,3	17,7	140,7
Viti	18-526	Botni	13-529	93,3	95,9	89,3	<b>92,8</b>	18,6	10,5	7,7	30,8	3,1	17,6	140,6
Dvergur	18-527	Tröllli	16-530	95,0	78,7	88,6	<b>87,4</b>	18,7	10,2	8,1	30,2	2,8	17,7	141,9
Lilli	18-529	Tröllli	16-530	98,8	64,4	50,2	<b>71,1</b>	19,0	10,0	8,4	28,7	3,2	17,5	142,3
							<b>Meðaltal:</b>	19,1	10,9	7,9	31,1	3,0	17,8	142,2

Á Snartarstöðum var afkvæmarannsókn vegna sæðingastöðvanna. Uppgjör fyrir þá rannsókn er birt sérstaklega með afkvæmarannsóku fyrir stöðvarnar þar sem aðeins var byggt á sláturniðurstöðum frá ákveðnum dögum og aðeins hafðir með hrútar sem náðu nægum fjölda skoðaðra hrút- og gimbrarlamba þann dag sem dómar fóru fram vegna afkvæmarannsóknarinnar. Þetta uppgjör byggir hinsvegar á öllum slátrunum haustsins og líflambahlutinn á gimbrum. Hér bætast við veturgömlu hrútarnir Viti 18-526 og Dvergur 18-527, sem hvorugir blanda sér í toppslaginn sem bestu lambaferður búsins þetta árið.

## Ytra-Áland, Þistilfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Undanvillingur	17-372	Börkur	13-952	105,2	90,6	124,0	<b>106,6</b>	16,9	8,8	6,5	30,8	2,5	17,5	133,8
Prestur	15-207	Risin	13-507	93,2	110,8	104,3	<b>102,8</b>	16,1	9,3	6,3	29,9	2,5	17,4	135,0
Botni	13-529	Multi	08-206	103,5	98,7	102,9	<b>101,7</b>	16,8	9,3	6,8	29,8	2,3	17,3	133,9
Þristur	18-370	Tvistur	14-988	94,9	107,0	99,9	<b>100,6</b>	16,1	8,9	6,0	29,6	2,3	17,1	131,7
Lykill	18-382	Lási	13-985	101,1	102,0	73,5	<b>92,2</b>	16,6	9,1	6,4	28,5	2,7	16,9	132,1
Æfur	18-372	Óðinn	15-992	104,6	91,2	77,2	<b>91,0</b>	16,9	9,3	7,0	28,6	2,7	17,2	130,7
Besefi	18-381	Amor	17-831	98,2	95,5	76,5	<b>90,1</b>	16,4	8,8	6,4	28,1	2,4	17,1	133,2
							<b>Meðaltal:</b>	16,5	9,1	6,5	29,8	2,5	17,3	133,2

Á Ytra-Álandi er ekki mjög afgerandi munur milli hópa en lítill breytileiki er í heildareinkunn hrútanna. Undanvillingur 17-372, sonur Barkar 13-952 frá Efri-Fitjum stendur efstur en gimbrahópurinn undan honum skartar þykkasta bakvöðvanum.

## Laxárdalur, Þistilfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Blöndal	17-321	Börkur	13-952	114,2	110,8	127,1	<b>117,4</b>	17,2	9,6	6,4	30,5	2,8	17,7	135,9
Putti	16-321	Póstur	15-320	99,4	115,2	116,6	<b>110,4</b>	15,7	9,4	6,1	29,3	2,3	17,2	135,2
Frami	18-324	Flögri	14-361	99,1	93,1	118,6	<b>103,6</b>	15,7	8,7	6,0	30,0	2,5	17,3	137,4
Fengur	18-326	Safi	16-156	97,6	101,8	89,6	<b>96,3</b>	15,6	9,4	6,4	27,7	2,7	17,4	132,7
Stapi	18-321	Drangi	15-989	109,6	92,7	83,5	<b>95,3</b>	16,5	9,3	6,7	27,9	2,5	17,0	130,3
Raki	18-323	Kraki	16-322	87,3	106,0	81,9	<b>91,8</b>	14,7	9,2	6,0	27,4	2,7	17,1	138,9
Gormur	18-320	Gutti	13-984	97,5	82,0	81,8	<b>87,1</b>	15,6	8,3	6,0	27,6	2,6	16,9	135,0
							<b>Meðaltal:</b>	15,8	9,1	6,2	28,6	2,6	17,2	135,0

Í Laxárdal stendur efstur Blöndal 17-321, sonur Barkar 13-952 frá Efri-Fitjum. Þessi hrútur var með hæstu kjötmatseinkunn fyrir afkvæmi í afkvæmarannsókn búsins á síðasta ári. Hér á hann minnsta afkvæmahópinn, en hann var aðalega notaður á Snartarstöðum í Öxarfirði á síðasta ári þar sem hann tók þátt í afkvæmarannsókn vegna sæðingastöðvanna. Hér liggja yfirburðir hans aðallega í miklum vænleika og góðri útkomu í lífgimbraskoðuninni. Nánar er fjallað um hann í umfjöllun um afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna. Heilt yfir er breytileiki hér ekki mikill og enginn af veturgömlu hrútunum sem skara sérstaklega fram úr.

## Svalbarði, Þistilfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Járni	18-101	Steðji	14-109	98,4	115,9	114,5	<b>109,6</b>	17,1	9,6	6,5	30,6	2,1	17,2	145,7
Steðji	14-109	Saumur	12-915	93,2	107,9	109,8	<b>103,6</b>	16,8	9,2	6,4	30,3	2,6	17,5	140,5
Sproti	17-104	Sparkbarð	14-012	99,9	103,9	104,6	<b>102,8</b>	17,2	9,7	7,1	30,5	2,6	17,2	139,6
Seifur	18-106	Ares	15-777	99,4	95,9	109,0	<b>101,4</b>	17,2	9,0	6,7	30,6	2,3	17,1	143,7
Hamar	16-104	Steðji	14-109	107,7	80,1	113,2	<b>100,3</b>	17,7	9,2	7,5	30,6	2,5	17,3	139,4
Nagli	16-101	Saumur	12-915	110,9	103,6	84,0	<b>99,5</b>	17,9	9,7	7,2	29,4	2,6	17,2	141,5
Smiður	18-104	Steðji	14-109	97,1	100,1	94,0	<b>97,1</b>	17,0	9,0	6,5	29,6	2,7	17,3	141,6
Logi	18-105	Steðji	14-109	96,0	96,2	93,8	<b>95,4</b>	16,9	8,8	6,4	29,5	2,5	17,3	145,0
Bjakk	18-363	Bakki	16-152	100,1	107,4	72,2	<b>93,3</b>	17,2	9,8	7,0	28,6	2,8	17,0	153,1
Hnöttur	17-102	Máni	14-107	90,0	94,9	91,1	<b>92,0</b>	16,4	9,3	6,9	29,9	2,7	17,0	142,6
							<b>Meðaltal:</b>	17,2	9,3	6,9	30,1	2,5	17,2	142,1

Hér eru hrútarnir fremur jafnir, sýna flestir þrýðilegar niðurstöður en enginn afgerandi toppur. Áhrif Saums 12-915 frá Ytri-Skógum eru hér mikil, sérstaklega í gegnum son hans Steðja 14-109 sem stendur hér annar í röðinni. Ánægjulegt er að sjá veturgamlan hrút efstan, en því miður raðast veturgömlu hrútarnir flestir neðarlega á listann. Járni, einn fjögurra sona Steðja, á hér nokkuð vel gerðan hóp og fitulítinn en ljóðurinn á hans útkomu er að fallþunginn er aðeins undir búsméðaltalinu. Sproti 17-104, undan Sparkbarða 14-012 Garrasyni frá Stóra-Vatnshorni, sýnir áfram að hann skilar ágætri gerð, en hann átti best gerða sláturlambahópinn sl. haust.

## Norður-Múlasýsla

### Klaustursel, Jökuldal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Púki	17-472	Borkó	11-946	96,6	128,8	132,1	<b>119,1</b>	15,9	9,0	5,9	29,2	1,7	17,4	129,6
Svenni	18-490	Dímon	16-993	94,5	102,7	109,3	<b>102,2</b>	15,5	7,5	5,1	28,1	1,7	17,1	128,4
Stessi	17-474	Brúsi	12-970	99,3	95,1	111,9	<b>102,1</b>	16,0	8,2	6,1	28,3	2,0	17,4	121,5
Jaki	18-483	Seifur	15-223	105,8	98,2	90,6	<b>98,2</b>	16,6	8,2	6,1	28,4	2,9	17,4	123,4
Gráni	18-212	Bogi	14-212	98,6	95,7	100,2	<b>98,1</b>	16,0	8,1	6,0	27,6	2,1	17,3	120,2
Toppur	18-211	Stessi	17-474	99,1	91,5	99,6	<b>96,7</b>	16,0	7,8	5,8	28,1	2,1	17,1	124,9
Bangsi	18-485	Blær	11-979	106,1	84,8	85,1	<b>92,0</b>	16,6	7,4	5,8	27,0	2,4	17,2	127,1
Dreki	17-480	Dreki	13-953	101,7	88,1	72,5	<b>87,5</b>	16,3	8,0	6,3	26,2	2,3	17,1	126,8
<b>Meðaltal:</b>								16,1	8,1	5,9	27,9	2,2	17,2	125,0

Hér stendur afgerandi efstur Púki 17-472 undan Borkó 11-946 frá Bæ í Árneshreppi og sýnir hann mikla yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í flokkun dilka. Gotti 05-884 frá Bergstöðum á Vatnsnesi er móðurföðurfaðir Púka.

### Teigasel 1, Jökuldal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Pristur	16-428	Kjarni	13-927	102,9	112,9	116,8	<b>110,8</b>	15,4	8,3	5,9	29,4	2,1	17,5	131,4
Massi	18-449	Bassi	16-003	103,3	112,9	114,8	<b>110,3</b>	15,5	8,4	6,0	29,3	2,6	17,6	135,4
Gutti	18-445	Gutti	13-984	97,8	102,0	117,0	<b>105,6</b>	15,0	7,8	5,8	28,8	1,9	17,5	129,5
Frosti	18-446	Frosti	14-987	98,1	96,2	91,0	<b>95,1</b>	15,0	7,2	5,5	28,2	2,5	17,3	132,5
Ljómi	17-435	Lagður	15-444	101,6	98,0	83,4	<b>94,3</b>	15,3	7,6	5,8	27,9	2,8	17,2	129,5
Flosi	18-447	Gutti	13-984	96,0	80,4	80,3	<b>85,6</b>	14,8	7,4	6,2	27,4	2,8	17,4	133,4
<b>Meðaltal:</b>								15,2	7,8	5,9	28,5	2,5	17,4	131,7

Hér stendur elsti hrúturinn efstur, Pristur 16-428 sonur Kjarna 13-927 frá Brúnastöðum. Pristur stóð einnig efstur í afkvæmarannsókn hér árið 2017 og er því búinn að sanna sig rækilega sem kynbótahrútur í þessari hjörð. Móðir hans er sonardóttir Fróða 04-963 frá Hagalandi. Veturgamall hrútur fylgir þó fast á hæla Prists og er það Massi 18-449. Massi er keyptur frá Brekkugerði í Fljótsdal og er undan Bassa 16-003 sem er svartbotnóttur væntanlega hyrndur kaupahrútur frá Bassastöðum á Ströndum. Kjarni 13-927 er síðan móðurföðurfaðir Massa.

## Rauðholt, Hjaltastaðapinghá

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Haukur	18-449	Trefill	17-435	109,1	158,6	113,8	<b>127,1</b>	16,8	9,9	6,0	29,5	2,1	17,4	136,9
Sokkur	17-432	Castro	16-416	99,1	126,4	121,6	<b>115,7</b>	16,1	9,2	5,4	29,1	1,8	17,6	142,3
Trefill	17-435	Dreki	13-953	96,3	115,6	110,8	<b>107,6</b>	15,9	8,9	5,7	29,3	2,3	17,3	140,4
Tjaldur	18-450	Dreki	13-953	98,8	94,8	97,2	<b>96,9</b>	16,1	8,6	6,1	28,6	2,4	17,3	133,4
Skúmur	18-451	Lási	13-985	98,1	90,8	100,8	<b>96,6</b>	16,0	8,5	5,4	29,1	2,6	17,3	133,0
Vákur	18-448	Trefill	17-435	105,0	81,2	101,7	<b>96,0</b>	16,6	8,5	5,6	28,6	2,1	17,3	134,4
Örn	18-452	Frosti	14-987	95,4	74,9	94,4	<b>88,2</b>	15,8	8,2	5,8	28,6	2,5	17,3	142,5
Fálki	18-454	Frosti	14-987	106,0	73,4	80,0	<b>86,5</b>	16,6	8,4	6,4	27,6	2,6	17,1	132,6
Smyrill	18-453	Frosti	14-987	92,4	77,7	78,5	<b>82,9</b>	15,6	8,2	6,2	27,3	2,3	17,0	134,9
							<b>Meðaltal:</b>	16,2	8,7	5,8	28,6	2,3	17,3	136,8

Haukur 18-449 skilar hér glæsilegum yfirburðum og þá alveg sérstaklega í kjötmatshlutanum. Þessi efnilegi hrútur er sonarsonur Dreka 13-953 frá Hriflu. Móðir Hauks er dóttir Pipars 13-349 sem var um árabíl afburðagripur hér og stóð efstur í afkvæmarannsóknum þrjú ár í röð. Pipar var sonur Grábotna 06-833 sem jafnframt var faðir Dreka 13-953 og Grábotni því á bakvið Hauk bæði í föður- og móðurætt. Haukur, sem er hreinhvítur, er væntanlega efnilegur alhliða kynbótahrútur. Sokkur 17-432 skilar talsverðum yfirburðum bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum. Hann er sonarsonur Gríms 14-955 frá Ytri-Skógum. Trefill 17-435 faðir Hauks 18-449 skilar einnig yfirburðum bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatinu. Þessi hrútur er sonur Dreka 13-953 frá Hriflu og móðurfaðir er Prúður 11-896 frá Ytri-Skógum. Trefill stóð næstur á eftir Pipar 13-349 í afkvæmarannsókninni 2018.

## Víkingsstaðir, Völlum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Mási	18-787	Mávur	15-990	97,2	125,6	107,6	<b>110,1</b>	19,1	10,6	7,1	30,8	3,7	17,8	133,4
Félagi	18-785	Vínur	14-966	104,2	112,5	110,2	<b>109,0</b>	19,6	10,8	7,9	32,3	4,6	18,0	132,1
Bútur	17-748	Ebiti	13-971	105,8	86,5	106,3	<b>99,5</b>	19,8	9,5	7,5	31,1	3,9	17,8	136,7
Móði	18-783	Móri	13-982	93,6	94,9	101,9	<b>96,8</b>	18,8	10,1	7,9	30,7	3,7	17,5	136,6
Már	18-788	Mávur	15-990	99,6	82,4	73,1	<b>85,0</b>	19,3	9,4	7,6	28,8	4,0	17,5	136,4
							<b>Meðaltal:</b>	19,3	10,1	7,6	30,8	4,0	17,7	135,1

Mási 18-787 stendur hér efstur en hann er sonur Mávs 15-990 frá Mávahlíð og móðurföðurfaðir hans er Fjalli 11-898 frá Ásgarði í Landbroti. Mási er að skila afgerandi hagstæðasta kjötmatinu í þessari rannsókn. Félagi 18-785 stendur næstur Mása í heildareinkunn en er með jafnari einkunnir fyrir alla þætti. Hann er að skila bestri gerð sláturlamba en þau eru jafnframt í feitari kantinum. Félagi er sonur Vinar 14-966 frá Haukatungu-syðri 2 og móðurfaðir hans er Kornélius 10-945 frá Stóru-Tjörnum.

## Melar, Fljótsdal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Saumur	16-116	Saumur	12-915	96,3	144,0	144,1	<b>128,1</b>	16,1	10,2	5,8	29,6	3,6	17,9	137,0
Baugur	16-114	Baugur	10-889	92,6	117,2	106,1	<b>105,3</b>	15,9	9,3	5,9	27,8	3,5	17,1	148,5
Bóli	18-117	Blær	11-979	107,6	88,6	116,7	<b>104,3</b>	17,1	8,2	6,0	29,2	3,8	17,5	133,2
Örn	18-111	Endi	16-111	99,2	99,3	107,9	<b>102,1</b>	16,4	9,0	6,4	28,5	4,1	17,6	133,9
Smyrill	18-112	Spotti	17-116	100,7	92,3	95,4	<b>96,1</b>	16,5	8,8	6,4	27,7	3,9	17,3	134,6
Hringur	17-114	Baugur	16-114	102,9	101,0	78,5	<b>94,2</b>	16,7	9,1	6,4	27,7	4,6	17,3	140,6
Pristur	18-113	Elgur	17-120	106,5	75,9	82,1	<b>88,2</b>	17,0	8,3	6,6	27,3	4,1	17,1	135,6
Fálki	18-114	Endi	16-111	95,6	85,9	71,7	<b>84,4</b>	16,1	8,6	6,4	26,8	4,3	17,3	136,6
							<b>Meðaltal:</b>	16,4	8,9	6,3	28,0	4,0	17,4	137,7

Saumur 16-116 stendur hér afgerandi efstur líkt og í afkvæmarannsókn 2018. Hann er sonur Saums 12-915 frá Ytri-Skógum og móðurföðurfaðir er Neisti 06-822 frá Heydalsá. Saumur sýnir hér mjög glæsilega yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmati en fallþungi er aðeins undir meðaltali. Baugur 16-114 undan Baug 10-889 frá Efstu-Grund skilar góðri flokkun sláturlamba en móðurföðurfaðir hans er sömuleiðis Neisti 06-822.

## Suður-Múlasýsla

### Eiríksstaðir/Fossárdalur, Berufirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Rólyndur	17-013	Kústur	14-965	94,6	138,5	125,5	<b>119,5</b>	16,2	11,4	6,3	32,0	2,6	17,9	131,4
Vorboði	18-023	Bjartur	15-967	97,9	113,9	120,7	<b>110,8</b>	16,4	9,9	5,7	30,9	2,0	17,9	130,5
Ljúfur	18-020	Molli	13-981	110,5	83,5	84,7	<b>92,9</b>	17,4	9,5	6,6	28,9	2,0	17,3	137,2
Norðri	18-021	Klettur	13-962	93,8	106,2	76,6	<b>92,2</b>	16,1	9,3	5,3	28,3	2,0	17,4	132,9
Hemúll	18-018	Frosti	14-987	98,0	70,7	107,2	<b>92,0</b>	16,4	9,5	6,8	31,0	2,7	17,7	132,9
Austri	18-017	Molli	13-981	106,1	80,8	84,8	<b>90,6</b>	17,1	9,0	6,2	28,6	1,8	17,5	132,5
							<b>Meðaltal:</b>	16,6	9,8	6,2	29,9	2,2	17,6	132,9

Rólyndur 17-013 stendur hér nokkuð afgerandi efstur og þá sérstaklega í kjötmatshlutanum, þar sem hann er að skila mjög hagstæðri flokkun samhliða yfirburðum í fallþunga. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva. Rólyndur er sonur Kústs 14-965 frá Garði og móðurföðurfaðir er Grábotni 06-833. Vorboði 18-023 sýnir einnig nokkra yfirburði í þessum samanburði, mat á lifandi lömbum kemur vel út og kjötmatið ljómandi gott. Vorboði er sonur Bjarts 15-967 frá Ytri-Skógum. Móðir Vorboða er aðkeypt frá Álftavatni í Staðarsveit dóttir Putta 11-921 og móðurfaðir hennar Blakkur 07-865 en þessir stöðvahrútar komu báðir frá Álftavatni á sínum tíma.

## Lindarbrekka, Berufirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kakali	18-676	Fróði	16-501	104,2	132,8	125,9	<b>121,0</b>	17,2	10,2	6,6	29,9	2,0	17,1	137,4
Skakkur	18-675	Gutti	15-545	97,7	106,8	119,8	<b>108,1</b>	16,5	8,5	6,1	31,0	3,2	17,5	137,7
Hnykill	14-757	Lopi	13-534	102,7	95,0	120,8	<b>106,2</b>	16,9	8,8	6,8	29,8	2,1	17,2	139,0
Bikar	18-673	Geymir	15-106	102,6	117,6	85,1	<b>101,7</b>	17,0	9,1	6,1	27,9	2,6	17,2	143,8
Doddi	18-672	Biti	17-050	102,8	93,0	98,8	<b>98,2</b>	17,0	9,0	7,1	29,0	3,1	17,5	139,0
Geymir	18-674	Geymir	15-106	107,5	108,1	77,9	<b>97,8</b>	17,5	8,9	6,4	27,5	2,4	17,0	138,0
Sviti	17-657	Vaskur	16-206	99,8	93,0	94,5	<b>95,8</b>	16,7	8,8	6,9	27,5	2,4	17,4	141,6
Leiftur	14-755	Bósi	08-901	87,3	82,2	82,3	<b>84,0</b>	15,8	7,7	6,2	27,4	2,0	16,8	138,1
							<b>Meðaltal:</b>	16,7	8,7	6,6	28,6	2,4	17,2	139,1

Kakali 18-676 ber hér talsvert af á heildina litið. Hann er að skila fallþunga nokkuð yfir meðaltali og afgerandi best gerðu sláturlömbunum. Kakali er aðkeyptur frá Svínafelli 3 í Örafum. Faðir hans Fróði 16-501 er frá Litla-Hofi í sömu sveit, sonarsonur Stála 06-831 frá Teigi og móðurfaðir Fróða er Lundi 03-945 frá Bergsstöðum. Skakkur 18-675 á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva en Skakkur er einnig aðkeyptur frá Svínafelli 3, sonarsonur Guffa 08-869 frá Garði.

## Austur-Skaftafellssýsla

### Hnappavellir 5, Örafum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Nóni	18-183	Burkni	13-951	99,3	109,6	111,4	<b>106,8</b>	16,4	9,7	6,0	31,2	3,3	18,1	153,2
Kjölur	18-185	Mávur	15-990	93,8	99,5	117,7	<b>103,7</b>	16,0	9,0	5,7	31,3	2,4	17,7	153,1
Gullmoli	18-182	Kubbur	16-996	100,9	109,1	95,2	<b>101,7</b>	16,6	9,2	5,5	29,6	2,6	17,6	149,5
Gígur	17-172	Börkur	13-952	105,2	92,4	91,9	<b>96,5</b>	16,9	8,8	5,7	30,0	3,1	17,7	148,9
Sandur	18-186	Mávur	15-990	96,4	92,6	100,5	<b>96,5</b>	16,2	8,8	5,7	30,1	2,6	17,4	153,7
Ponni	16-167	Burkni	13-951	102,7	99,4	86,9	<b>96,3</b>	16,7	9,1	5,8	28,9	2,6	17,5	154,3
							<b>Meðaltal:</b>	16,5	9,1	5,7	30,1	2,8	17,6	151,7

Hér er fremur lítill munur á milli hrútana svona heilt yfir, en efstur stendur Nóni 18-183 sem er sonur Burkna 13-951 frá Mýrum 2 og móðurfaðir hans er Jóker 12-924 frá Laxárdal. Nóni er að skila best gerðu sláturlömbunum og gimbrar undan honum stigast áberandi vel. Afkvæmi hans eru hinsvegar ögn feitari en afkvæmi hinna hrútanna sem dregur einkunnir eitthvað niður, en ekki er þar á ferðinni fitusöfnun til skaða. Þessi hrútur fórst því miður af slysförum. Kjölur 18-185 sonur Mávs 15-990 skilar talsverðum yfirburðum í mati á lifandi lömbum en þeir yfirburðir virðast ekki skila sér í sláturlambahópnum. Kjölur er dóttursonur Borða 08-838 frá Hesti.

## Hvammur í Lóni

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Svartur	17-455	Klettur	13-962	107,2	130,1	140,1	<b>125,8</b>	17,1	11,2	6,9	30,8	2,6	17,3	149,0
Lalli	18-457	Lúter	17-449	99,9	112,0	104,2	<b>105,4</b>	16,5	9,8	6,2	28,0	2,9	17,3	144,1
Tanni	18-460	Stólpi	13-963	100,5	87,8	87,8	<b>92,0</b>	16,5	9,5	7,0	27,3	3,0	17,0	150,2
Tangi	18-461	Kraftur	11-947	101,7	80,2	89,5	<b>90,4</b>	16,7	9,1	6,9	27,4	3,3	17,3	148,6
Láki	18-458	Lúter	17-449	88,9	78,3	87,1	<b>84,7</b>	15,3	8,4	6,5	27,6	3,1	16,8	154,2
							<b>Meðaltal:</b>	16,5	9,8	6,7	28,0	3,0	17,1	149,4

Svartur 17-455 stendur hér á toppnum eins og í fyrra og sannar nú að það var engin tilviljun. Hann ber nú af yngri hrútum sem bornir eru saman við hann og sýnir mikla yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Svartur er sonur Kletts 13-962 frá Borgarfelli en móðir hans er sonardóttir Hergils 08-870 frá Laxárdal. Lalli 18-457 kemur best út af veturgömlu hrútunum. Hann er sonarsonur Gróða 11-958 frá Hólsgarði og móðir hans er sonardóttir Mjaðar 07-811 frá Hesti.

## Litla-Hof, Öraefum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Svalur	18-302	Kubbur	16-996	91,6	121,9	112,5	<b>108,7</b>	15,6	9,8	5,7	29,2	3,3	17,6	152,9
Breki	16-333	Bekri	12-911	104,3	112,0	109,1	<b>108,5</b>	16,5	9,8	6,0	28,9	3,0	17,4	151,1
Erpur	17-345	Blær	15-543	94,4	112,8	114,8	<b>107,3</b>	15,8	9,3	5,5	29,0	3,2	17,5	151,3
Balti	15-546	Grámann	10-884	92,0	112,2	110,3	<b>104,8</b>	15,6	9,2	5,5	28,7	2,8	17,3	157,6
Grímur	17-346	Kaldi	12-950	118,6	95,8	96,1	<b>103,5</b>	17,9	9,3	6,0	28,4	2,9	16,9	155,9
Stormur	16-484	Grímur	14-955	93,9	88,2	120,3	<b>100,8</b>	15,7	8,7	5,7	29,0	2,7	17,3	155,7
Prymur	18-304	Kubbur	16-996	100,9	107,5	86,1	<b>98,1</b>	16,2	9,1	5,5	28,3	3,0	17,0	150,0
Bolur	17-341	Kölski	10-920	100,7	90,6	99,7	<b>97,0</b>	16,2	8,9	5,8	28,4	2,9	17,3	151,6
Laufi	18-305	Malli	12-960	104,5	92,4	75,6	<b>90,8</b>	16,7	9,1	6,1	28,5	3,9	16,8	159,4
Grettir	18-303	Kubbur	16-996	97,3	74,3	88,5	<b>86,7</b>	16,0	8,2	5,8	27,5	3,1	17,5	147,4
Geir	17-342	Lurkur	14-321	117,1	71,1	64,5	<b>84,2</b>	18,0	9,6	7,4	27,1	4,1	17,4	152,4
							<b>Meðaltal:</b>	16,2	9,2	5,8	28,5	3,1	17,3	152,8

Á Litla-Hofi var afkvæmarannsókn vegna sæðingastöðvanna. Uppgjör sem byggir á gögnum sem til féllu í kjölfar dóma og slátrunar vegna afkvæmarannsóknarinnar má finna á vef RML þar sem sérstaklega er fjallað um þessar afkvæmarannsóknir vegna stöðvanna. Þegar öll gögn haustsins lágu fyrir voru fleiri hrútar sem náðu inn í afkvæmarannsókn og því er hér birt annað uppgjör með fleiri hrútum. Þeir hrútar sem bætast við eru Breki 16-333, Geir 17-342, Grímur 17-346 og Laufi 18-305.

## Nýpugarðar, Mýrum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
	15-755	Lækur	13-928	110,7	125,7	106,5	<b>114,3</b>	17,4	10,2	6,7	30,0	3,0	17,6	149,5
	17-569	Bjartur	15-967	99,9	111,4	113,8	<b>108,4</b>	16,7	10,6	7,4	30,8	2,8	17,4	161,0
	12-530	Hergill	08-870	100,9	107,8	114,9	<b>107,9</b>	16,7	10,2	7,1	31,2	3,1	17,6	152,5
	17-570	Klettur	13-962	104,7	102,4	109,9	<b>105,7</b>	17,1	9,9	7,0	29,8	2,8	17,7	156,1
	16-563	Saumur	12-915	90,4	97,8	115,6	<b>101,3</b>	16,0	9,4	6,6	29,5	2,4	17,7	166,1
	18-577	Burkni	13-951	101,5	95,6	99,2	<b>98,8</b>	16,9	9,1	6,5	29,9	2,8	17,2	163,9
	18-574	Kubbur	16-996	99,9	79,5	110,8	<b>96,7</b>	16,7	9,6	7,6	29,9	2,8	17,9	149,8
	18-578	Molli	13-981	100,4	81,7	88,3	<b>90,1</b>	16,7	8,7	6,6	29,5	3,3	17,4	160,1
	18-579	Burkni	13-951	93,7	89,9	79,4	<b>87,7</b>	16,2	9,5	7,0	28,8	3,1	17,2	151,4
	18-576	Tangi	13-954	101,5	88,0	66,9	<b>85,5</b>	16,8	9,4	7,1	28,4	3,8	17,3	154,0
	18-575	Tangi	13-954	86,6	68,2	90,4	<b>81,7</b>	15,5	8,3	6,7	29,2	2,9	17,1	164,8
							<b>Meðaltal:</b>	16,7	9,8	6,9	29,7	2,9	17,5	156,0

Hér eru svolítið sérstakar niðurstöður að því leyti að eldri hrútarnir eiga sviðið og veturgömlu hrútarnir komast ekki í sviðsljósið, allir undir 100 í heildareinkunn. Þarna eru líka eldri kempur sem hafa staðið sig vel, sumir í nokkur ár, svo það þarf mjög öfluga gripi til að etja kappi við þá. 15-755 stendur öruggur á toppnum með mikla yfirburði í kjötmatshlutanum og fallþunga. Þetta er þyngsti sláturlambahópurinn, gerðin ein sú besta og fitumat hagstætt. Þessi ágæti hrútur er sonur Lækjar 13-928 frá Ytri-Skógum. Hann stóð efstur í afkvæmarannsókn hér 2017 og meðal þeirra bestu í afkvæmarannsóknunum 2016 og 2018. Í móðurættinni hjá honum er nokkuð langt í stöðvahrúta en í þriðja lið eru þeir Vorm 03-988 frá Holtahólum og Lóði 00-871 frá Hesti. Nú eru fyrirbyggjandi sláturupplýsingar frá fjórum árum fyrir á þriðja hundrað lömb undan 15-755 og er meðalfallþungi þeirra 17,2 kg, gerð 10,1 og fita 6,6. Tveggja vetra hrútur er næstur í röðinni 17-569 undan Bjarti 15-967 frá Ytri-Skógum. Hann er að skila fallþunga um meðaltal en skilar best gerða sláturlambahópnum en lömbin í feitari kantinum. Þykkt bakvöðva sú næstbesta í mati á lifandi lömbum. Móðir hans er sonardóttir Fannars 07-808 frá Ytri-Skógum. Sá þriðji í röðinni er aldraður höfðingi, 12-530 undan Hergli 08-870 frá Laxárdal. Hann er dóttursonur Grána 03-957 frá Stóru-Tjörnum og móðurmóðurfaðir er Hængur 98-848 sem fenginn var héðan í þjónustu stöðvanna á sínum tíma. Eins og vænta má með svona fullorðinn hrút á hann ævilengdina að þakka eigin hreysti og góðum afkvæmum og stóð hann t.d. efstur í afkvæmarannsókn hér 2018. Hann hefur átt lambahópa allt frá árinu 2013 og eru afkvæmin ríflega 400 sem til nytja hafa komið. Meðalfallþungi sláturlamba þessi sjö ár er 16,2 kg, gerðin 9,7 og fita 6,7. Nú í haust á hann gimbrahópin sem mælist með þykkastan bakvöðva, 31,2 mm. Þetta má kallast glæsilegur árangur hjá sjö vetra gömlum hrút á búi þar sem kynbótastarfið er í fullum gangi. Þessi hrausti og farsæli hrútur er enn á lífi og von á lambahóp undan honum nú í vor. Sá fjórði í röðinni er 17-570, einn af efnilegum sonum Kletts 13-962 frá Borgarfelli og er móðurfaðir hans Bósi 08-901 frá Þóroddsstöðum.



## Smyrlabjörg, Suðursveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Loki	18-013	Dímon	16-993	96,2	117,6	122,5	<b>112,1</b>	14,4	8,5	4,6	30,0	2,1	17,4	143,7
Gráni	18-017	Fáfnir	16-995	98,0	110,6	111,6	<b>106,7</b>	14,6	8,7	5,2	29,0	2,1	17,3	145,0
Ási	18-015	Lási	13-985	110,2	95,6	102,8	<b>102,9</b>	15,9	9,2	6,2	28,5	2,2	17,3	141,3
Dofri	18-018	Kraftur	11-947	102,9	89,9	100,4	<b>97,7</b>	15,0	8,6	5,8	28,0	2,2	17,4	146,7
Hír	18-016	Mávur	15-990	94,8	83,4	63,1	<b>80,5</b>	14,3	8,0	5,5	26,2	2,3	16,8	147,0
							<b>Meðaltal:</b>	14,8	8,6	5,4	28,3	2,2	17,3	145,0

Hér er samanburður á afkvæmum fimm veturgamalla hrúta. Loki 18-013 stendur hér efstur og mælast dætur hans með afgerandi þykkastan bakvöðva. Gerð sláturlamba er í meðallagi en áberandi lítil fita lyftir upp kjötmatseinkuninni. Loki er sonur Dímons 16-993 frá Hesti og í öðrum ættlið í móðurættinni er að finna stöðvahrútana Prúð 11-896 frá Ytri-Skógum og Prófast 06-864 frá Dýrastöðum. Gráni 18-017 er sonur Fáfnis 16-995 frá Mýrum 2 en í móðurætt eru þeir Gosi 09-850 frá Ytri-Skógum og Kjarkur 08-840 frá Ytri-Skógum í öðrum ættlið. Gráni er að sýna nokkra yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutunum. Ási 18-015 sonur Lása 13-985 frá Leifsstöðum er að skila áberandi vænni sláturlömbum en hinir hrútarnir. Hann á Kjark 08-840 frá Ytri-Skógum að móðurföðurföður. Þeir Loki 18-013 og Ási 18-015 eru því miður fallnir.

## Vestur-Skaftafellssýsla

### Kirkjubæjarklaustur 2, Skaftárhreppi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Seifur	18-526	Óðinn	15-992	111,6	129,6	123,6	<b>121,6</b>	17,8	10,8	5,4	33,2	2,9	17,7	142,8
Stapi	16-829	Burkni	13-951	98,4	115,2	114,4	<b>109,3</b>	16,2	9,6	5,5	32,6	2,8	17,4	134,9
Arður	18-522	Dreki	13-953	97,9	108,1	108,2	<b>104,7</b>	16,1	9,3	5,4	31,8	2,5	17,4	133,6
Kiljan	18-521	Kraftur	11-947	102,3	99,5	90,6	<b>97,5</b>	16,6	9,6	5,9	31,1	3,0	17,5	136,0
Óðinn	17-520	Tengill	14-544	104,7	82,1	102,9	<b>96,6</b>	16,7	9,3	6,3	31,6	2,7	17,6	129,3
Leggur	18-523	Dreki	13-953	98,5	98,2	88,8	<b>95,2</b>	16,2	8,8	5,3	30,7	2,5	17,3	135,4
Flosi	18-527	Fáfnir	16-995	89,7	86,7	105,8	<b>94,1</b>	15,4	8,6	5,8	32,4	3,1	17,6	139,3
Starri	18-524	Stólpi	13-963	95,8	101,5	81,6	<b>92,9</b>	15,9	8,9	5,3	30,8	2,7	17,1	131,2
Sigmundur	16-299	Brúsi	14-185	101,8	92,6	79,6	<b>91,3</b>	16,4	9,1	5,8	31,0	2,6	17,1	135,2
							<b>Meðaltal:</b>	16,3	9,3	5,7	31,8	2,7	17,4	134,5

Á Kirkjubæjarklaustri var afkvæmarannsókn vegna sæðingastöðvanna. Niðurstöður sem lagðar voru til grundvallar við val á hrútum fyrir stöðvarnar er að finna á vef RML undir „afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna“. Í þessu uppgjóri byggir líflambaskoðunin einungis á gimbrum og notaðar eru sláturupplýsingar frá öllum sláturdögum haustsins og því nást hér inn fleiri hrútar. Hér bætast því við veturgömluhrútarnir Seifur 18-526 og Kiljan 18-521.

Seifur 18-526 fær hér mjög glæsilegar niðurstöður fyrir alla þætti og kemur út með afgerandi efstu heildareinkunn í þessum samanburði. Góð vísbending er um að þarna sé mjög spennandi kynbótahrútur á ferð. Öryggi á hans niðurstöðum er þó heldur minna en hjá öðrum hrútum í rannsókninni því fjöldi sláturlamba hjá honum rétt losa viðmið um lágmarksfjölda og því mun færri afkvæmi á bak við þennan dóm heldur en hjá flestum hinum hrútunum. Þessi efnis hrútur er sonur Óðins 15-992 frá Skörðum og móðurföðurfaðir hans er Kóngur 04-829 frá Sauðá. Stapi 16-829 var valin á sæðingastöð úr þessari rannsókn og er því vísað í umfjallanir um afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna og skrifa um hann í Hrutaskrá 2019-2020.

## Rangárvallasýsla

### Ytri-Skógar, Eyjafjöllum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Munkur	18-625	Pistill	17-601	106,2	119,8	138,9	<b>121,6</b>	18,0	11,2	6,3	33,0	2,5	18,1	138,5
Gæskur	18-624	Ótti	17-599	107,2	114,9	106,9	<b>109,7</b>	17,9	11,0	6,4	31,2	2,4	17,9	139,0
Loki	18-620	Blossi	17-604	96,0	88,6	129,2	<b>104,6</b>	16,9	10,4	7,0	32,2	2,3	17,9	137,9
Stakkur	18-621	Blossi	17-604	98,9	98,6	95,4	<b>97,6</b>	17,1	10,1	6,2	30,5	2,2	17,6	139,4
Þéttir	18-622	Biskup	15-545	96,4	83,6	105,7	<b>95,2</b>	16,8	9,3	6,3	31,3	2,4	17,8	137,4
Skutull	18-619	Mávur	15-990	97,1	95,4	82,5	<b>91,7</b>	16,7	9,2	5,6	29,6	2,3	17,6	135,6
Spakur	17-592	Þröstur	16-566	86,9	101,6	77,3	<b>88,6</b>	15,7	10,1	6,1	29,3	2,1	17,5	120,9
Valur	18-618	Mávur	15-990	108,1	92,9	60,0	<b>87,0</b>	18,0	10,2	6,5	29,1	2,1	17,5	140,3
							<b>Meðaltal:</b>	17,3	10,3	6,4	30,8	2,3	17,7	136,7

Á Ytri-Skógum eru að vanda öflugir hrútar í samanburði en engu að síður má sjá talsverðan mun milli afkvæmahópa. Afgerandi efstur er Munkur 18-625 með glæsilega niðurstöðu fyrir alla þætti rannsóknarinnar. Sérstaklega eru niðurstöður úr líflambaskoðuninni frábærar þar sem yfirburðir eru mjög skýrir m.t.t. bakvöðvapykkjar og lærastiga. Munkur er hreinhvítur að lit. Þá er hann skemmtilega ættaður en Burkni 13-951 frá Mýrum 2, sem er faðir margra hrúta sem vekja athygli í afkvæmarannsóknunum, er hér kominn talsvert aftar í ættartréð en víða annarsstaðar og er föðurföðurfaðir Munks. Annar hrútur sem fær hér glimrandi útkomu er Gæskur 18-624. Faðir hans, Ótti 17-599, var einnig annar í röðinni í afkvæmarannsókn búsins á síðasta ári. Í bakættum má svo finna höfðingja sæðingastöðvanna en Gæskur er í þriðja lið út af Dreka 13-953 frá Hriflu í föðurætt og Bósa 08-901 frá Þóroddsstöðum í móðurætt. Hér er að venju líflambaskoðun rannsóknarinnar byggð á hrútlömbum.

## Árnessýsla

### Gýgjarhólskot, Biskupstungum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Hverfugl	18-247	Fossrófulæ	17-239	112,4	142,6	112,4	<b>122,5</b>	24,3	13,6	6,7	33,2	3,3	18,1	163,3
Svartbakur	18-241	Mávur	15-990	97,7	105,1	103,9	<b>102,2</b>	22,8	12,1	6,9	32,6	3,1	18,0	165,0
Prætusporður	17-236	Klettur	13-962	97,5	110,2	97,2	<b>101,6</b>	22,8	12,2	6,7	32,1	3,0	17,8	160,9
Jaðrakan	18-245	Kerlingafjal	17-240	101,6	80,1	109,9	<b>97,2</b>	23,2	11,9	7,8	32,8	3,0	18,1	163,4
Dílaskarfur	18-242	Dreki	13-953	97,5	87,4	105,7	<b>96,9</b>	22,7	11,0	6,6	32,2	2,7	17,9	163,0
Hvítmávur	18-243	Mávur	15-990	97,3	94,0	88,0	<b>93,1</b>	22,7	12,0	7,2	31,3	3,2	17,9	164,6
Lóuþræll	18-244	Lási	13-985	99,0	86,3	92,4	<b>92,6</b>	22,9	11,7	7,2	33,3	4,1	18,0	163,8
Æðarkóngur	18-246	Gýgjarfoss	17-235	97,5	83,2	92,4	<b>91,1</b>	22,7	11,5	7,2	32,9	3,8	18,1	165,0
							<b>Meðaltal:</b>	23,0	12,1	7,0	32,5	3,2	18,0	163,5

Að vanda eru lömbin hér bæði eldri og vænni en almennt gerist í afkvæmarannsóknum bænda og alltaf athyglivert að skoða lambahópa í „þessum stærðarflokki.“ Að þessu sinni er það einn afkvæmahópur sem ber algerlega af. Þennan hóp á Hverfugl 18-247 og er það einkum frábær gerð sláturlambanna sem ber þessa yfirburði uppi en vísbendingar um hana má þó augljóslega sjá í mati á lifandi lömbum. Hverfugl er sömuleiðis að skila vænsta sláturlambahópnum. Faðir hans Fossrófulækur á Guðna 09-902 frá Mýrum 2 að föðurföður og Dreka 13-953 frá Hriflu að móðurföður. Móðir Hverfugls er dóttir Guðna 09-902 og Hverfugl því aðeins skyldleikaræktaður afkomandi Guðna. Prætusporður 17-236 sem stóð efstur hér í fyrra skilar aftur góðri útkomu en hann er sonur Kletts 13-962 frá Borgarfelli og hjá móður hans er stutt í þá Stakk 10-883 frá Kirkjubóli og Stála 06-831 frá Teigi. Prætusporður hefur verið felldur. Svartbakur 18-241 sonur Mávs 15-990 frá Mávahlíð kemur einnig vel út en hann er dóttursonur Dreka 13-953 frá Hriflu.